

# Gleðileg jól

og farsælt komandi ár,
þökkum fyrir
samskiptin á liðnu ári.

Landssamband lögreglumanna

- LÖGREGLU -
MAÐURINN
3. tbl. - 2012

- LÖGREGLU -
# MAÐURINN
3. tölublað - 28. árgangur 2012 - 75. blað


Ritstjóri:
Steinar Adolfsson


Ábyrgðarmaður:
Snorri Magnússon
formaður LL


Starfsmenn LL:

Guðlaug Hreinsdóttir
skrifstofustjóri

Prófórk:
Atli Steinn Guðmundsson

Forsíðumynd:
Marinó Már Magnússon

Teikning á bls. 2:
Logi Jes Kristjánsson

Lögreglumaðurinn
er gefinn út af Landssambandi
lögreglumanna

Netfang ll@logreglumenn.is

www.logreglumenn.is






## Efnisyfirlit...





Skýrsla innanríkisráðuneytisins um stöðu lögreglunnar 2012 4

Viðtalstækni er vandmeðfarin 12

Í átt að einu lögregluliði? 18

Íþróttir 24

## Efni til birtingar í Lögreglumanninum

- Aðsendar greinar sem birtar eru í blaðinu skulu merktar höfundi. Greinin lýsir skoðun höfundar en ekki stjórnar LL.
- Sendið gjarnan með myndir, stafrænar myndir eiga að vera í jpg formati.
- Vinsamlega látið fylgja með stöður, nafn, fastanúmer ef um lögreglumenn er að ræða, vinnustað, heimili og GSM númer sem hægt er að ná í viðkomandi.
- Ritstjóri fer í gegnum allt aðsent efni. Að þeirri vinnu lokinni fær sendandi að vita hvort efnið birtist í blaðinu eða ekki.
- Samþykkt efni verður ritstýrt á þann hátt að það passi við efnið sem ætlast er til að birtist í blaðinu.
- Leyfi til birtingar efnis úr blaðinu er einungis veitt sé þess getið hvaðan það er fengið.

# Formannshornið

## 2,8 milljarðar króna!



**Nú nýverið var birt opinberlega skýrsla innanríkisráðuneytisins um raunverulega stöðu lögreglunnar í landinu. Niðurstaða þeirrar skýrslu er, vægast sagt, ömurleg!**

Staðfest er í skýrslunni að þeir fjármunir, sem runnið hafa úr rekstri lögreglunnar, frá árinu 2007, séu nálægt tveimur komma átta milljörðum króna (2.800.000.000,-) – já tvö þúsund og áttahundruðmilljónir!

Staðfest er í skýrslunni að lögreglumönnum hefur fækkað, á sama tímabili, um sem nemur áttatíu og einum (81). Fækkunin er raunverulega mun meiri því gríðarlegur samdráttur hefur orðið í yfirvinnu lögreglumanna á sama tíma. Varlega mætti þó áætla að fækkun lögreglumanna – þ.e.a.s. ef ársverk eru lesin út úr bæði grunnlaunum og yfirvinnu – sé sennilega eitthvað í kringum eitthundrað (100).

Þessar staðreyndir, sem birtar voru í skýrslu innanríkisráðuneytisins, sem og í nýlegu skriflegu svari innanríkisráðherra við fyrirspurn á Alþingi um stöðu lögreglunnar, endurspeglast í minnkandi akstri lögreglubifreiða og þ.a.l. minnkandi frumkvæðisvinnu lögreglumanna sem og minna sýnilegu eftirliti lögreglu um land allt.

Þessar staðreyndir birtast einnig og m.a. í lokun lögreglustöðva víða um land og þar með minnkandi þjónustu lögreglunnar við íbúa þessa lands og erfiðara aðgengi að þjónustu lögreglunnar.

Þessar staðreyndir ganga þvert gegn yfirlýstum markmiðum þeirra skipulagsbreytinga sem gerðar hafa verið á lögreglunni t.a.m. með niðurlagningu rannsóknarlögreglu ríkisins og stofnun embættis ríkislögreglustjóra árið 1997 sem og markmiðum þeirra skipulagsbreytinga sem farið var í árið 2007. Þá ganga þessar staðreyndir einnig þvert gegn yfirlýsingum sem gefnar voru við inngöngu Íslands í Schengen samstarfið á sínum tíma!

Í ágúst s.l. var gefin út í Noregi skýrsla sérstakrar nefndar – 22. júlí nefndin (http://www.22julikommisjonen.no/) – um hryðjuverk þau sem Anders Behring Breivik framdi í Osló og Útey þann 22. júlí 2011. Fjallað var um útkomu skýrslunnar og þær athugasemdir sem gerðar eru í henni m.a. um störf lögreglu í 2. tbl. Lögreglumannsins 2011. Embætti ríkislögreglustjórans hefur rýnt skýrslu 22. júlí nefndarinnar og metið það sem fram kemur í henni út frá íslenskum aðstæðum. Niðurstaða þeirrar rýnivinnu er að hluta til – um ástand löggæslumála hér á Íslandi – jafnömurleg og niðurstaða skýrslu innanríkisráðuneytisins um stöðu lögreglunnar. Það er í öllu falli ljóst að íslensk lögregla er engan vegin í stakk búin til að fást við viðlíka ástand og skapaðist í Noregi þann 22. júlí 2011.

**Þetta eru grafalvarlegar staðreyndir!**

**Þetta er grafalvarlegt mál!**

**Ábyrgðin á því hvernig í pottinn er búið er kemur að löggæslu á Íslandi liggur hjá Alþingi Íslendinga!**

Landssamband lögreglumanna hefur verið að benda á þessar staðreyndir, sem nú hafa verið gerðar heyrinkunnar af yfirvöldum, um árabil. Málflutningur Landssambands lögreglumanna hefur ítrekað verið rengdur af þessum sömu yfirvöldum sem og fleirum en því ber hinsvegar að fagna að nú loksins skuli staðreyndirnar hafa verið lagðar fram!

Það er vonandi að framlagning þessara staðreynda verði til þess að nú fyrst verði tekið á þessum málum af festu og þetta grafalvarlega ástand lagað. Landssamband lögreglumanna bindur miklar vonir við það að sú vinna, sem samþykkt var að farið yrði í með þingsályktunartillögu frá Alþingi þann 19. júní s.l. og þegar hefur farið í gang og miðar að því að skilgreina:

- Öryggisstig á Íslandi,
- Þjónustustig lögreglu,
- Mannaflaþörf lögreglu út frá liðum 1 og 2 og
- Fjárveitingar lögreglu út frá liðum 1 – 3,

verði til þess að vitræn og heildstæð mynd fáist yfir störf og þjónustu lögreglu við landsmenn og að fjárveitingar til reksturs lögreglunnar verði byggðar á staðreyndum en ekki „almennum“ forsendum fjárlagagerðar hvers árs. Lögreglan sinnir jú viðamikilli þjónustu við alla landsmenn allt frá „fjárkláða“ til rannsókna stórfelldra efnahags og skattalagabrota. Verkefni lögreglu eru skilgreind í ríflega eitthundrað (100) lögum sem samþykkt hafa verið á Alþingi Íslendinga og ríflega tvöhundruð og fimmtíu (250) reglugerðum sem byggðar eru á þessum sömu lögum. Sjaldnast, ef nokkurs staðar, er að finna í öllum þessum aragrúa laga stafkrók um að samþykkt laganna hefði í för með sér einhvern rekstrarkostnað fyrir lögregluna í landinu!

Að lokum og um leið og ég óska lesendum Lögreglumannsins og öllum lögreglumönnum og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári leyfi ég mér að hvetja lesendur blaðsins til að lesa tilvitnanir þær, í orð Geirs Jóns Þórissonar, fyrrverandi yfirlögregluþjóns á höfuðborgarsvæðinu, sem er að finna í sama pistli mínum í síðasta tölublaði Lögreglumannsins (2. tbl. 2012).

Arion banki
VÍNBÚÐIN
Brasserie ASKUR
SINCE 1966
SUÐURLANDSBRAUT 4
VESTURBÚÐ
Eyrarbakka • 4831385
Borg í Grímsnesi • 4864408




# Skýrsla innanríkisráðuneytisins *um stöðu lögreglunnar 2012*

*Í lok nóvember sl. lagði innanríkisráðuneytið fram skýrslu til Alþingis um stöðu lögreglunnar og vakti skýrslan verðskuldaða athygli í þjóðfélaginu enda ljóst að staðan er grafalvarleg.*

*Meginniðurstaðan er sú að sökum fjárskorts og mannafla er lögregla talin ófær um að sinna sínum verkefnum og lögbundna hlutverki. Landssamband lögreglumanna (LL) hefur undanfarin ár farið ítarlega yfir þessar staðreyndir en oftar en ekki hafa verið bornar brigður á málflutning félagsins og það talið mála myndina svartari litum en tilefni væri til.*

*Það hvort LL hefur haft rétt fyrir sér eða ekki er auðvitað aukaatriði í þessu samhengi. Aðalatriðið núna er að ekki þarf lengur að deila um vandann heldur sameinast í að leita lausna og ráðuneytið sjálft telur nauðsynlegt að sett verði fram aðgerðaáætlun til þriggja ára til að bregðast við vandanum.*

*LL skilur ráðuneytið með þeim hætti að kallað er eftir breiðri samstöðu á Alþingi til að feta veginn áfram enda er lykilinn að finna hjá fjárveitingavaldinu – hinum þjóðkjörnu fulltrúum almennings.*

*Þegar þetta er skrifað stendur yfir vinna við fjárlög næsta árs á Alþingi. LL óskaði eftir að fá að koma fyrir fjárlaganefndina til að fara yfir skýrsluna, gera nánari grein fyrir stöðunni og leggja fram tillögur til að feta okkur út úr vandanum. Því miður hefur nefndin ekki kallað okkur til fundar enn og óvíst hvort af því verði fyrir endanlega samþykkt fjárlaga.*

*Ljóst er að lögreglan þolir ekki enn eitt biðárið því þolmörkum er náð – reyndar fyrir nokkrum árum.*

*Vegna mikilvægis þessa málefnis þá birtum við skýrsluna í heild sinni hér á eftir.*

*Snorri Magnússon og Steinar Adolfsson*

### *I Inngangur*

Á samráðsfundi ráðuneytisins með ríkislögreglustjóra 6. október sl. skýrði ríkislögreglustjóri frá því að hann hefði átt samráðsfundi með lögregluliðum úti á landi. Á þeim fundum hefði eindregið komið fram að nú um stundir væri lögreglunni ókleift að leysa þau verkefni sem ætlast væri til af henni vegna fjárskorts og manneklu. Ástandið í lögreglunni væri óásættanlegt og brýnt væri að fjölga lögreglumönnum og auka fjárveitingar til lögreglunnar. Að mati ríkislögreglustjóra væri það staðreynd að lögreglan getur ekki sinnt þeim verkefnum sem hún þarf að gera lögum samkvæmt. Þá er lögreglan ófær um að takast á við umfangsmikil verkefni s.s. viðbrögð við hryðjuverkaógn, aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi og síaukinn þunga í landamæravörslu. Gera þurfi þriggja ára framkvæmdaáætlun um eflingu lögreglunnar.

Ljóst er að mati ráðuneytisins að brýnt er að huga að grunnþáttum í starfi lögreglunnar, þ.e. fjárveitingum og fjölda lögreglumanna. Forgangsatriði er að fjölga almennum lögreglumönnum sem annast útköll og almennt lögreglueftirlit og efla nauðsynlegan búnað því tengdu.

Hér á eftir fer samantekt á stöðu lögreglunnar í dag hvað verðar núverandi fjölda lögreglumanna og skiptingu þeirra eftir starfsstigum og starfsaldri, þróun ársverka innan lögreglu, núverandi stöðu í tækja– og búnaðarmálum lögreglunnar, þjálfunarmál lögreglumanna, þróun fjárveitinga frá 2008 og rekstrarstöðu embætta. Að síðustu verður vikið að brýnum sértækum verkefnum lögreglu, í fyrsta lagi aðgerðum gegn skipulagðri glæpastarfsemi, í öðru lagi viðbrögðum gagnvart stórfelldum ofbeldisverkum og hryðjuverkum og í þriðja lagi auknum þunga í landamæravörslu vegna stórfelldrar aukningar farþegaumferðar um Flugstöð Leifs Eiríkssonar og komu farþegaskipa til landsins.

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum
P BÍLASTÆÐASJÓÐUR
BT
DOKKAN

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

## Reykjavík

7.is ehf
Suðurlandsbraut 4a
73 restaurant
Laugavegi 73
A. Margeirsson ehf
Flúðaseli 48
A. Wendel ehf
Tangarhöfða 1
A1 málun ehf
Ólafsgeisla 7
Aðalmálun sf
Bræðraborgarstíg 13
Aðalvík ehf
Ármúla 15
Aðgengi ehf
Bláhömrum 3
Aktis lögmannsstofa slf
Ármúla 17
ALTEX ehf
Kringlunni 7
Arkís arkitektar ehf
Höfðatúni 2
Asía ehf,veitingahús
Laugavegi 10
Atorka ehf verktakar og vélaleiga
Vættaborgum 117
ATOZ Alhliða viðskiptaþjónusta
Borgartúni 3
Atvinnuhús ehf
Hverfisgötu 4
Auglýsingastofan ENNEMM
Brautarholti 10
Augnablikk ehf
Bíldshöfða 18
ÁH lögmenn slf
Vættaborgum 144
Árbæjarapótek ehf
Hraunbæ 115
Árni Reynisson ehf
Skipholti 50d
B.Árnason byggingaþjónusta ehf
Breiðagerði 21
B.K.flutningar ehf
Krosshömrum 2
Balance ehf
Álagranda 27
Barnaverndarstofa
Borgartúni 21
Bergá-Sandblástur ehf
Esjumel 5
Bernhöftsbakarí ehf
Bergstaðastræti 13
Bezt á lambið,
Bílaborg.is
Smiðshöfða 17
Bílahöllin-Bílaryðvörn hf
Bíldshöfða 5
Bílalíf ehf,bílasala
Kletthálsi 2
Bílamálun Pálmars ehf
Vagnhöfða 20
Bílasala Guðfinns
Stórhöfða 15
Bílasmiðurinn hf
Bíldshöfða 16
Bílvirkinn bifreiðaverkstæði
Súðarvogi 46
Bíóhljóð ehf
Bragagötu 36
Björnsbakarí ehf
Klapparstíg 3 við Skúlagötu
Blaðamannafélag Íslands
Síðumúla 23
Bláfugl hf
Lynghálsi 4
Blikksmiðja Austurbæjar ehf
Súðarvogi 9
Blikksmiðjan Glófaxi hf
Ármúla 42
Blómabúðin Hlíðablóm
Háaleitisbraut 68
Bonafide lögmenn ráðgjöf sf
Klapparstíg 25-27
Borgarbílastöðin ehf
Þórunnartúni 2
Borgarhóll ehf
smíðaverktaki s: 696 1803
Suðurási 26
Bókhaldsþjónusta Arnar Ingólfssonar ehf
Nethyl 2
Bókhaldsþjónustan Viðvik ehf
Síðumúla 1
Bókhaldsþjónustan Vík
Síðumúla 12
Bólstrun Ásgríms ehf
Bergstaðastræti 2
Bón Fús
Súðarvogi 32
Brynjólfur Eyvindsson hdl.
Kringlunni 7
Búseti hsf
Síðumúla 10
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars ehf
Borgartúni 31
Café Bleu
Kringlunni 4-12
Café Konditori Copenhagen
Grensásvegi 26
CC bílaleiga ehf
Snorrabraut 29
Central ehf tannsmíðastofa
Nethyl 2c
Dale Carnegie
Ármúla 11
Danfoss hf
Skútuvogi 6
Danica sjávarafurðir ehf
Suðurgötu 10
Dental stál ehf
Hverfisgötu 105
Draupnir lögmannsþjónusta ehf
Laugavegi 182
Dún- og fiður ehf
Laugavegi 86
Dýraspítalinn Víðidal ehf
Vatnsveituvegi 4
E. Sigurjónsson lögmannsstofa ehf
Suðurlandsbraut 4
E.F. Ben ehf
Kambsvegi 9
E.T. ehf
Klettagörðum 11
Efling stéttarfélag
Sætúni 1
Eignamiðlunin ehf
Síðumúla 21
Eignaskipting ehf
Unufelli 34
Eignaumsjá ehf
Skeifunni 17
Eyjólfur Rósmundsson ehf
meindýraeyðing
Jöldugróf 12
Fangelsismálastofnun ríkisins
Borgartúni 7
Faxaflóahafnir sf
Hafnarhúsinu
Tryggvagötu 17
Felgur smiðja ehf
Axarhöfða 16
Ferðaskrifstofan VITA
Suðurlandsbraut 2
Ferró skiltagerð
Langholtsvegi 130
Félag iðn- og tæknigreina
Borgartúni 30
Félag slökkviliðs og sjúkraflutningsmanna
Brautarholti 30
2 hæð
Fiskbúðin Hafberg
Gnoðarvogi 44
Fjallamenn-Mountaineers ehf
Skútuvogi 12e
Fossar,tryggingar og ráðgjöf ehf
Fiskakvísl 14
Fólksbílaland ehf
Bíldshöfða 18
Frami félag leigubifreiðastjóra
Fellsmúla 26
Fylkir ehf
Dugguvogi 4
Færeyska sjómannaheimilið
Brautarholti 29
Gagnaeyðing ehf
Bæjarflöt 4
Gallerí Fold
Rauðarárstíg12-14
Garðmenn ehf
Skipasundi 83
GB Tjónaviðgerðir ehf
Draghálsi 6-8
Geiri ehf umboðs- og heildverslun
Bíldshöfða 16
Geitafell ehf
Úlfarsbraut 30
Gissur og Pálmi ehf byggingafélag
Álfabakka 14a
Gistiheimilið Baldursbrá
Laufásvegi 41
Gjögur hf
Kringlunni 7
Gjörvi ehf
Grandagarði 18
GKG Ágústína Ingvarsdóttir
Skipholti 50d
Grand Hótel Reykjavík
Sigtúni 38
Grandakaffi ehf
Grandagarði 101
Grant Thornton endurskoðun ehf
Suðurlandsbraut 20
Grensáskirkja
Háaleitisbraut 66
Gríma hárstofa ehf
Dvergshöfða 27
Grund dvalar- og hjúkrunarheimili
Hringbraut 50
Guðmundur Arason ehf - GA Smíðajárn
Skútuvogi 4
Guðmundur Jónasson ehf
Borgartúni 34
Gull- og silfursmiðjan Erna ehf
Skipholti 3
Gullsmiðja Óla
Veltusundi 1
Gunnar Eggertsson hf
Sundagörðum 6
Gústaf Þór Tryggvason hrl.
Tjarnargötu 10d
Haagensen ehf
Rjúpufelli 18
Hafgæði sf
Fiskislóð 47
Hagi ehf-Hilti
Stórhöfða 37
Halli gullsmiður
Bankastræti 6
Hamborgarabúllan
Bíldshöfða 18,
Handprjónasamband Íslands svf
Skólavörðustíg 19
Hárgreiðslustofa Heiðu
Álfheimum 11a
Hárgreiðslustofan Aþena
Þangbakka 10
Hársnyrtistofan Aida
Blönduhlíð 35
Hársnyrtistofan Greifinn
Hringbraut 119
Heilsubrunnurinn ehf nuddstofa
Kirkjuteigi 21
Henson sports ehf
Brautarholti 24
Hereford Steikhús ehf
Laugavegi 53b
HGK ehf
Laugavegi 13
Hilmar D. Ólafsson ehf
Langholtsvegi 13
Hitatækni ehf
Langholtsvegi 109
Híbýli fasteignasala ehf
Suðurgötu 7
Hjá Dóra ehf matsala
Þönglabakka 1
Hjálpræðisherinn á Íslandi
Kirkjustræti 2
Hljóðfæraverslun Pálmars Á ehf
Rangárseli 6
Hornið veitingastaður
Hafnarstræti 15
Hókus Pókus ehf
Laugavegi 69
Hótel Cabin ehf
Borgartúni 32
Hótel Frón ehf
Laugavegi 22a
Hótel Hringhotels
Laugavegi 7
Hótel Ísland
Ármúla 9





## II Fjöldi lögreglumanna

Ársverk lögreglumanna voru 729,9 árið 2007 en þeim hefur fækkað jafnt og þétt og voru 642,7 á árinu 2011. Í heildina hefur ársverkum fækkað um 87,0 frá árinu 2007 til ársins 2011. Starfsmenn sérstaks saksóknara eru ekki teknir hér með. Ársverk dagvinnu eru reiknuð út frá hversu margir þáðu mánaðarlaun/dagvinnulaun í hverjum mánuði, þar með talið vegna afleysinga, veikinda, lausnarlauna, orlofs, þegar viðkomandi hættir störfum og fleira. Með fjölda ársverka er átt við summu þessara verka deilt með 12 mánuðum. Þess skal getið að til viðbótar fækkun ársverka hefur aukavinna lögreglumanna dregist mikið saman.

Á árabilinu 2007 til 2012 hefur fjöldi lögreglumanna dregist saman um 81. Nánari skýring sést á fylgiblaði 1.

**Tafla 1. Fjöldi ársverka lögreglumanna í félagi Landssambandi lögreglumanna**

| | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 | 2007 | Breyting |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Akranes | 9,3 | 10,9 | 11,6 | 11,5 | 13,4 | -4,1 |
| Akureyri | 31,7 | 35,6 | 39,8 | 39,8 | 38,7 | -7 |
| Blönduós | 6,9 | 6,8 | 7,1 | 7,8 | 8,0 | -1,1 |
| Borgarnes | 9,2 | 9,5 | 9,2 | 9,9 | 9,7 | -0,5 |
| Eskifjörður | 14,9 | 14,7 | 16,9 | 17,8 | 15,4 | -0,5 |
| Húsavík | 8,5 | 8,4 | 9,5 | 9,7 | 9,7 | -1,2 |
| Hvolsvöllur | 9,2 | 9,2 | 10,1 | 9,7 | 8,8 | 0,4 |
| Höfuðborgarsvæðið | 293,3 | 296,2 | 302,3 | 312,4 | 341,0 | -47,7 |
| Lögregluskóli ríkisins | 12,1 | 14,4 | 25,4 | 36,4 | 10,5 | 1,6 |
| Ríkislögreglustjóri | 82,6 | 83,2 | 86,8 | 89,4 | 93,7 | -11,1 |
| Sauðárkrókur | 7,6 | 8,7 | 9,8 | 9,6 | 8,8 | -1,2 |
| Selfoss | 26,6 | 28,6 | 28,4 | 28,5 | 27,1 | -0,5 |
| Seyðisfjörður | 7,5 | 8,2 | 9,3 | 9,9 | 11,0 | -3,5 |
| Snæfellsbær | 8,8 | 8,9 | 9,9 | 10,6 | 10,0 | -1,2 |
| Suðurnes | 85,9 | 84,9 | 85,1 | 88,4 | 88,6 | -2,7 |
| Vestfirðir | 18,6 | 21,8 | 23,5 | 23,6 | 23,4 | -4,8 |
| Vestmannaeyjar | 10,0 | 11,1 | 11,4 | 11,4 | 12,1 | -2,1 |
| **Samtals** | **642,7** | **661,0** | **696,1** | **726,4** | **729,9** | **-87,0** |

## III Tækja- og búnaðarmál

Grunnbúnaður lögreglu til þess að takast á við sérstakar lögregluaðgerðir vegna vopnamála, hryðjuverka og annarra stórfelldra ofbeldisglæpa er mjög takmarkaður, búnaður sem til er þarfnast að mestu leyti endurnýjunar og viðbúnaðargetan er óviðunandi varðandi fyrstu viðbrögð og vegna öryggis ríkisins.

Nokkur hluti af varnarbúnaði lögreglu er kominn til ára sinna og er úreldur, má sem dæmi nefna að skotvesti frá 1995 og 2005 eru komin fram yfir líftíma sinn.

| Embætti | Skotvesti þung frá 1995 | Skotvesti frá 2005 | Öryggisvesti dagvesti | Óeirðabúningur | Skotskýlingarhjálmar | Skildir | Stórar kylfur | Varnarúði stórir brúsar | Gasgrímur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| LRH | 6 | 23 | 70 | 78 | 60 | 41 | 69 | 19 | 60 |
| Suðurnes | 2 | 7 | 45 | 26 | 27 | 30 | 17 | 8 | 30 |
| Akranes | 1 | 4 | | | 5 | 4 | 4 | 1 | 4 |
| Borgarnes | 2 | 4 | 8 | 4 | 7 | 4 | 5 | 3 | 5 |
| Snæfellsnes | 2 | 2 | 7 | | 6 | 3 | 3 | 1 | 3 |
| Vestfirðir | 1 | 2 | 7 | | 5 | 5 | 4 | 2 | 4 |
| Blönduós | 1 | 2 | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 4 |
| Sauðárkrókur | 1 | 2 | | | 3 | 2 | 2 | | 3 |
| Akureyri | 4 | 5 | 30 | 9 | 7 | 9 | 3 | 3 | 30 |
| Húsavík | 1 | 1 | 7 | | 3 | 2 | 2 | | 4 |
| Seyðisfjörður | 2 | 2 | 6 | | 5 | 2 | 2 | 4 | 2 |
| Eskifjörður | 1 | 6 | | | 9 | 7 | 7 | | 4 |
| Vestmannaeyjar | 2 | 2 | | | 4 | 2 | 2 | | 2 |
| Hvolsvöllur | 2 | 4 | | | 6 | 4 | 4 | 3 | 3 |
| Selfoss | 1 | 4 | | 9 | 4 | 5 | 6 | 1 | 4 |
| | 29 | 70 | 180 | 126 | 153 | 122 | 132 | 47 | 162 |

**Tafla 2. Búnaður lögreglu**

Ríkislögreglustjóri gerði á árinu 2006 tillögur um nauðsynlega eflingu búnaðar og þjálfunar. Ástand búnaðar og þjálfunarmála hefur tekið litlum breytingum til batnaðar frá þeim tíma og því er efling þessara þátt orðið brýnna mál en áður.

Almennt er skotvopnaeign lögreglunnar fyrst og fremst bundin við skammbyssur og einstaka riffil og/eða haglabyssu. Ríkislögreglustjóri hefur sérstöðu hvað varðar vopnaeign en það helgast af sérsveit ríkislögreglustjóra.

DRAUMAVERK EHF
ALHLIÐA VERKTAKI
SÍMI 616 8521
EIMSKIP
BYKO 1962-2012 50
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
EXTON
LJÓS / HLJÓÐ / MYND



## IV Þjálfun

Nám í lögregluskólanum var stytt úr tveimur árum í eitt fyrir nokkrum árum til þess að vinna upp verulegan skort á menntuðum lögreglumönnum. Ein afleiðing þess er að tími til verklegrar þjálfunar styttist á sama tíma og þörf var á að auka hann verulega. Brýnt er að lengja nám við skólann á ný og stórauka verklega þjálfun.

Lögregluskólinn sinnir viðamiklu framhaldsnámi á mörgum sviðum löggæslunnar en ljóst er að árleg símenntun lögreglumanna er lítil sem engin hvað varðar verklega þjálfun á sviði lögregluaðgerða og viðbúnaðar. Ríkislögreglustjóri telur að hver lögreglumaður þurfi að hljóta að lágmarki 60 klst. aðgerðaþjálfun árlega, m.a. er um að ræða handtöku- og vopnaþjálfun, þjálfun í fyrstu aðgerðum, mannfjöldastjórnun, sérhæfðum lögregluaðgerðum og fyrstu hjálp.

Þá hefur ríkislögreglustjóri lagt til að útvalinn hópur lögreglumanna í hverjum landshluta fái meiri þjálfun og búnað til þess að takast á við stórfelld verkefni og ofbeldisglæpi. Er það sérstaklega brýnt úti á landi þar sem lengri tíma tekur fyrir sérsveit ríkislögreglustóra að komast á vettvang. Um er að ræða 60-80 lögreglumenn sem auk grunnþjálfunar hlytu um 120 klst. símenntun árlega.

## V Verkefnastaða lögreglu

Mannfæð og fjárskortur lögreglu hefur leitt til þess að lögreglan er hætt að sinna fjölmörgum verkefnum og möguleikar á að skipuleggja sérstök átaksverkefni og þjálfun eru nánast engir. Frumkvæðislöggæsla hefur því dregist verulega saman og störf lögreglunnar við að halda uppi allsherjarreglu, gæta almannaöryggis og stemma stigu við afbrotum hefur skerst verulega.

Í tilefni af skýrslugerð þessari var óskað eftir samantekt stjórnar Lögreglustjórafélags Íslands á stöðu lögreglunnar og hvort einhverjum verkefnum lögreglu sé ekki sinnt vegna manneklu. Í samantekt félagsins segir:

Fjárskortur lögreglunnar hefur leitt til fækkunar lögreglumanna víða í lögregluliðum landsins og hefur það haft mikil áhrif á störf og mátt lögreglunnar í landinu. Vegna fækkunarinnar hefur lögreglan forgangsraðað verkefnum þannig að síður brýn verkefni eru látin sitja á hakanum eða þeim er ekki sinnt.

Fjárskorturinn hefur víða leitt til þess að hvorki er ráðið í stöður, sem losna tímabundið vegna veikinda, né heldur í afleysingar. Aukavinna þeirra lögreglumanna hefur víða verið skert verulega og dregið úr akstri lögreglubifreiða. Þetta hefur leitt til þess að að almennir lögreglumenn sinna aðeins brýnustu verkefnum og mál í rannsóknardeildum hlaðast upp og málsmeðferðartími í deildunum lengist verulega.

### Almenn löggregla

Fækkun lögreglumanna við almenn lögreglustörf hefur dregið verulega úr frumkvæðisvinnu lögreglunnar. Minni frumkvæðisvinna lögreglunnar sést helst í minni eftirlitsstörfum s.s. með umferð, fíkniefnum og vínveitingahúsum og minna öryggiseftirliti í þéttbýli og sumarbústaðabyggðum. Þá er forvarnarvinna lögreglunnar orðin mjög lítil. Dæmi um önnur störf, sem lögreglan hefur dregið úr að sinna – eða sinnir ekki – eru útköll vegna hávaða nágranna, minni háttar þjófnaðarmál eða eignaspjöll.

Í víðlendum lögregluumdæmum hefur minnkandi akstur lögreglubifreiða dregið verulega úr eftirliti og sýnileika lögreglunnar. Sama gildir í öðrum umdæmum þótt áhrifin á sýnileika lögreglunnar séu ekki þau sömu. Í víðlendu umdæmi getur brýnt útkall lögreglu um langan veg þýtt að vegna kostnaðar sem af því hlýst þurfi að draga úr kostnaði sem lögreglan hefur af því, s.s. draga úr akstri í önnur verkefni síðar.

Mannekla í almennri löggæslu skapar einnig vandamál þar sem fáir eru á vakt á hverjum tíma. Eitt útkall getur tekið einn eða tvo lögreglumenn alla vaktina og er þá enginn til að sinna öðrum útköllum eða verkefnum á meðan. Einnig þar sem ekki er sérstök fangavakt getur maður í haldi valdið því að vaktin lokist inni á lögreglustöð og sveigjanleiki vaktarinnar verður lítill. Vegna niðurskurðar í aukavinnu og færri tilækum lögreglumönnum er ekki hægt við svona aðstæður að kalla aðra lögreglumenn á aukavakt. Þá eru lögreglumenn á bakvakt ekki sendir í útkall nema í neyðartilvikum.

Önnur dæmi um afleiðingar fjárskortsins eru m.a. að lögreglustöðvum hefur verið lokað víðs vegar um landið og að hundadeild lögreglu höfuðborgarsvæðisins, LRH, hefur verið lögð niður og sólarhringsvakt verið lögð niður, s.s. á Akranesi og í Vestmannaeyjum og það þrátt fyrir stóraukinn ferðamannastraum á síðarnefnda staðnum.

### Rannsóknir mála

Hægt hefur á rannsóknum í einstökum málaflokkum en rannsóknir kynferðisbrota, heimilisofbeldis og alvarlegra líkamsárása eru almennt látnar sæta forgangi. Vegna þessarar forgangsröðunar hefur málsmeðferðartími lengst verulega í þeim brotaflokkum sem ekki eru í forgangi. Hjá LRH liggur fyrir að rannsóknum ákveðinna mála hefur ekki verið sinnt vegna manneklu og hefur embættið kynnt embætti ríkissaksóknara þessi vandamál.

### Öryggi lögreglumanna

Fækkun í lögreglu hefur haft mikil áhrif á öryggi lögreglumanna. Á mörgum stöðum á landinu er einungis einn lögreglumaður á vakt og á mörgum stöðum er lágmarksmönnun á vöktum. Lögreglumenn fara oft einir í útköll sem í upphafi virðast einföld og venjubundin en þegar á hólminn er komið snúast þau upp í andhverfu sína. Á fámennum vöktum ógna slík útköll öryggi lögreglumanna verulega því þeir hafa lítinn eða engan bakstuðning.

Öryggi á lögreglustöðvum og fyrir lögreglumenn hefur ekki verið nægjanlegt. Ekki verið til fjármagn til að setja upp nauðsynlegar eftirlitsmyndavélar við lögreglustöðvar, fangaklefa og á fleiri stöðum þar sem nauðsynlegt væri að hafa vélar. Nauðsynlegar úrbætur á aðkomu að sumum lögreglustöðvum hafa setið á hakanum vegna fjárskorts.

### Þjálfun og námskeið lögreglumanna

Dregið hefur úr þjálfun og námskeiðum lögreglumanna. Kemur þar bæði til fjárskortur og fækkun í lögregluliðinu. Erfitt eða ómögulegt er að mæta fjarveru vegna námskeiða sökum fjárskorts eða fámennis nema hvoru tveggja sé.

### Búnaður

Eignakaup og endurnýjun búnaðar er í algjöru lágmarki. Á sumum stöðum eru fyrirliggjandi athugasemdir og lokafrestir frá Vinnueftirliti vegna lélegs/ónothæfs skrifstofubúnaðar o.fl. Búnaður lögreglu til sjóbjörgunar hefur ekki verið endurnýjaður og fleira mætti nefna.

### Landamæragæsla

Vantar að efla hana um allt land. Líkur eru á miklum vandamálum á næsta ári ef ekki verður hugað að aukningu á mannafla þar, þá sérstaklega á Keflavíkurflugvelli. Auk þess sem aukinn ferðamannastraumur og verkefni sem koma upp í landamæragæslu fara til úrlausnar í öðrum deildum embætta og auka á álag þar.

## VI Fjárveitingar til lögreglu

Frá árinu 2008 til ársins 2011 hafa fjárveitingar til lögregluembætta miðað við vísitölu september 2012 lækkað um 2,8 milljarða króna. Embætti sérstaks saksóknara er ekki hér meðtalið.




**Mynd 1. Fjárveitingar til lögreglu.**

Öll lögregluembætti eru með halla á rekstri nema á Ísafirði. Á undanförnum árum hafa lögregluembættin sem einnig eru sýslumannsembætti (öll lögregluembætti nema á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum) nýtt uppsafnaðan rekstrarafgang undangenginna ára til þess að kosta starfsemi lögreglu. Þessi uppsafnaði rekstraafgangur er nú uppurinn. Þá hafa lögreglu- og sýslumannsembættin tekið hluta af fjárveitingu yfirstjórnar embættanna til þess að kosta löggæsluverkefni. Þetta rekstrarsvigrúm er nú ekki lengur fyrir hendi.

Til þess að ná jöfnuði í óbreyttum rekstri lögregluembættanna vantar um 294 m. kr. Eins og áður segir er þörf á að fjölga lögreglumönnum og er því fjárvöntunin meiri en sem þessu nemur svo unnt sér að tryggja grunnþjónustu lögreglunnar.

## VII Sérstök verkefni

### Aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi

Sú vinna sem lögð hefur verið í baráttuna við skipulagða glæpastarfsemi mótorhjólagengja sem sérstök fjárveiting fékkst fyrir hefur sýnt með ótvíræðum hætti að hægt er að ná miklum árangri í löggæslu með markvissum aðgerðum lögreglu til þess að fyrirbyggja skipulaða brotastarfsemi og aðrar ógnir. Ljóst er að slík sértæk vinna til þess að glíma við ákveðnar tegundir verkefna lögreglu þurfa í auknum mæli að vera sífelluverkefni hennar en ekki átaksverkefni, sem rúmast innan árlegra fjárveitinga til lögreglu og ekki þurfi að sækja sérstaklega um fjárveitingar hverju sinni eftir að vandamálin eru orðin stórfelld og alvarleg ógn.

### Viðbúnaður vegna stórfelldra ofbeldisverka og hryðjuverkaógnar

Ríkislögreglustjóri hefur farið vandlega yfir skýrslu norsku rannsóknarnefndarinnar vegna voðaatburðanna í Ósló og Útey 22. júlí 2011, skoðað úrbótatillögur nefndarinnar og borið þær saman við stöðu mála á Íslandi. Í skýrslunni gerir ríkislögreglustjóri fjölmargar tillögur um eflingu lögreglunnar til þess að vera í stakk búin að takast á við hryðjuverkaárásir og stórfelld ofbeldisverk og færir rök fyrir þeim. Meginniðurstaða embættis ríkislögreglustjóra er að nauðsynlegt sé að bæta og efla viðbragðsgetu lögreglu á Íslandi og gera hana betur í stakk búna til að takast á við hryðjuverk og stórfellda ofbeldisglæpi hér á landi. Efling lögreglunnar varði fyrst og fremst fjölda lögreglumanna, þjálfun þeirra og búnað. Einnig nefnir hann að nauðsynlegt sé að bæta samhæfingu lögregluliða og stjórnun.

Ríkislögreglustjóri gerir tillögur um aðgerðir til þess að gera lögregluna betur hæfa til þess að takast á við hryðjuverkaógn og stórfelld ofbeldisverk. Um 31 tillögu var að ræða og heildarkostnaður áætlaður um 1 milljarður króna. Þessum tillögum verður forgangsraðað og þær kostnaðargreindar samkvæmt ákvörðun ráðherra en skýrsla ríkislögreglustjóra var kynnt ráðherra á fundi 3. september sl.

Í framhaldi af skýrslu ríkislögreglustjóra og fyrrgreindum samráðsfundi með embættinu er það mat ráðuneytisins að þessar mikilvægu tillögur verði að skoða í tengslum við þá vinnu sem nú fer fram á vegum ráðuneytisins um endurskipulagningu lögreglunnar. Sérstakur stýrihópur




KEFLAVÍK Icelandair Hotels
Frumherji
HÚSIÐ FASTEIGNASALA - heilshugar um þinn hag -
HB GRANDI
hagar
HÉÐINN
Gullöldin SPORTBAR
HOTEL RANGÁ Luxury Resort & Dining

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

Hótel Leifur Eiríksson ehf
Skólavörðustíg 45
Hótel Óðinsvé hf
Þórsgötu 1
Hreysti ehf
Skeifunni 19
Hrygnan ehf
Síðumúla 37
HS pípulagnir ehf
Hraunbæ 78
Humarhúsið
Amtmannsstíg 1
Húsafriðunarnefnd
Suðurgötu 39
Húsalagnir ehf
Gylfaflöt 20
Hvíta húsið hf
auglýsingastofa
Brautarholti 8
Höfðakaffi ehf
Vagnhöfða 11
IÐAN-Fræðslusetur ehf
Þórunnartúni 2
Iðnó ehf
Vonarstræti 3
Innnes ehf
Fossaleyni 21
Ísbar-Boozt bar
Borgartúni 39
Ísbúðin Erluís ehf
Fákafeni 9
Ísfrost ehf
Funahöfða 7
Íslandsbanki hf
útibú 526
Suðurlandsbraut 14
Íslandspóstur hf
Stórhöfða 29
Íslenska Gámafélagið ehf
Gufunesi
Ísold ehf
Nethyl 3-3a
Ísólfur Pálmarsson-
hljóðfæraumboð sf
Bakkastíg 5
Íþróttabandalag
Reykjavíkur
Engjavegi 6
Íþróttafélagið Fylkir
Fylkisvegi 6
J. S. Gunnarsson hf
Fossaleyni 10
Janusbúðin - Ullarkistan ehf
Laugavegi 25
Jens Guðjónsson ehf
skartgripaverslun
Kringlunni 4-12
JGG ehf
Langholtsvegi 49
Jóhannes Long
ljósmyndari
Ásholti 2

Jón og Óskar
úra- og skartgripaverslun
Laugavegi 61
Jón Sigmundsson ehf
skartgripaverslun
Laugavegi 5
Jónatansson & Co lögfræðistofa ehf
Suðurlandsbraut 6
K. Pétursson ehf
Kristnibraut 29
Kaffivagninn ehf
Grandagarði 10
Karton ehf
Bíldshöfða 14
Kemis-heildverslun ehf
Breiðhöfða 15
Kirkjugarðar
Reykjavíkurprófastsdæma
Vesturhlíð 8
Kjöreign ehf
fasteignasala
Ármúla 21
Kjöthöllin ehf
Skipholti 70 og Háaleitisbraut
Klipphúsið ehf
Bíldshöfða 18
Knattspyrnusamband Íslands
Laugardal
KOM almannatengsl
Höfðatorgi Turninum
Kórund kort ehf
Skútuvogi 13
Kr. St. lögmannsstofa ehf
Tryggvagötu 11
Kringlan
Kringlunni 4-12
Kringlukráin
Kringlunni 4-6
Kvikk Þjónustan ehf
Vagnhöfða 5
Lagnalagerinn ehf
Fosshálsi 27
Landhelgisgæsla Íslands
Skógarhlíð 14
Landsnet hf
Gylfaflöt 9
Landssamband kúabænda
Bitruhálsi 1
Landssamtök lífeyrissjóða
Sætúni 1
Leiguval ehf
Kleppsmýrarvegi 8
Litla sendibílastöðin
Vesturbergi 175
Línuborun ehf
Vagnhöfða 11
Ljósblik rafverktakar ehf
Fossaleyni 16
Ljósboginn ehf
Bíldshöfða 14
Ljósin í bænum
Trönuhólum 14

Loftlínur ehf
Rauðhömrum 8
Loftstokkahreinsun.is
s: 567 0882
Garðhúsum 6
LP-Verktak ehf
Kleppsvegi 48
Lögfræðistofa Reykjavíkur ehf
Borgartúni 25
Lögmannsstofa Rúnars S Gíslasonar
Lágmúla 5
Lögmenn Bankastræti
Bankastræti 5
Lögskil ehf
Suðurlandsbraut 48
Lögver ehf
Ármúla 15
Lögvörn ehf
Suðurlandsbraut 18
Löndun ehf
Kjalarvogi 21
Mannvit ehf
Grensásvegi 1
Maritech ehf
Borgartúni 26
Markaðsráð kindakjöts
Bændahöllinni Hagatorgi 1
Matfugl ehf
Völuteigi 2
Málarakompaníið ehf
Fornastekk 3
Málarameistarinn ehf
Logafold 188
Málmtækni hf
Vagnhöfða 29
Merkismenn ehf
Ármúla 36
Mótor ehf
tískuverslun
Kringlunni 4-12
Múlaradíó ehf
Fellsmúla 28
Myndbandaleigan James Bönd
Skipholti 9
Nesradíó ehf
Síðumúla 19
Netbus Iceland
Skógarhlíð 10
Nýi ökuskólinn ehf
Klettagörðum 11
Nýja sendibílastöðin hf
Knarrarvogi 2
Næsti bar
Ingólfsstræti 1a
Orkuvirki ehf
Tunguhálsi 3
ÓS verktakar sf
Fífuseli 7
Ósal ehf
Tangarhöfða 4
Parketslíparinn ehf
Skógarási 5

Pétur Stefánsson ehf
Vatnsstíg 15
Pisa Ristorante-Guesthouse
Lækjargötu 6b
Plastco ehf
Skútuvogi 10c
Poulsen ehf
Skeifunni 2
Prikið ehf
Bankastræti 12
Promennt ehf
Skeifunni 11b
Rafey ehf
Hamrahlíð 33a
Raf-félagið ehf
Kambaseli 21
Rafha ehf
Suðurlandsbraut 16
Rafiðnaðarskólinn ehf
Stórhöfða 27
Rafsvið sf
Þorláksgeisla 100
Raftækjaþjónustan sf
Lágmúla 8
Rafvörn ehf
Langagerði 4
Ragnar og Guðjón ehf
Espigerði 2
Rangá sf
Skipasundi 56
Rannsóknarþjónustan
Sýni ehf
Lynghálsi 3
Ráðgjafar ehf
Garðastræti 36
Reki ehf
Fiskislóð 57-59
Reykjavík Foto ehf
Laugavegi 51
Reykjavíkurborg
Ráðhúsinu
Reyktal þjónusta ehf
Síðumúla 34
Réttingaverkstæði Bjarna
og Gunnars ehf
Bíldshöfða 14
Rikki Chan ehf
Kringlunni 4-12
Ríkislögreglustjórinn
Skúlagötu 21
Ríkissaksóknari
Hverfisgötu 6
Rossopomodoro
veitingastaður
Laugavegi 40a
S4S ehf
Guðríðarstíg 6
Samaria ehf
veitingahús
Austurstræti 4
Samsýn ehf
Háaleitisbraut 58-60



leiðir það verkefni og skipa hann fulltrúar Landsambands lögreglumanna, ríkislögreglustjóra, Félags lögreglustjóra og Félags yfirlögregluþjóna sem og fulltrúum ráðuneytisins.

Þá eiga fulltrúar þingflokka einnig sæti í stýrihópnum á grundvelli þingsályktunartillögu sem samþykkt var á síðasta þingi um grundvallarskilgreiningar á löggæslu og gerð löggæsluáætlunar fyrir Ísland.

Undir yfirstjórn þessa stýrihóps er unnið í vinnuhópum að lykilþáttum er varða starfsemi lögreglunnar til framtíðar. Einn þeirra hefur m.a. borið ábyrgð á að skila tillögum um skilgreiningu á grunnþjónustu lögreglu ásamt þjónustustigi. Annar hópur ber m.a. ábyrgð á að safna saman upplýsingum um hvaða kostnað skuli telja til grunnfjárveitinga lögregluembætta óháð ytri breytum. Þriðji hópurinn vinnur m.a. við greiningu á starfsmannamálum lögreglu og þróun í þeim efnum m.a. með hliðsjón af greiningu á mannaflaþörf lögregluembætta. Með hliðsjón af samþykkt Alþingis á þingsályktunartillögu um grundvallarskilgreiningar á löggæslu og gerð löggæsluáætlunar fyrir Ísland var ákveðið að samþætta störf stýrihópsins við störf nefndar þingmanna sem kveðið var á um í þingsályktuninni.

## Aukinn þungi í landamæravörslu

Á undanförnum árum hefur ferðamönnum sem koma til landsins fjölgað stórlega með hverju ári. Umfang landamæragæslu lögreglu hefur því samfara stóraukist en ekki hafa fengist auknar fjárveitingar eða fjölgun lögreglumanna til þess að sinna aukningunni.

Mikil aukning hefur verið á flugumferð um Keflavíkurflugvöll frá árinu 2009. Á árunum 2007 og 2008 var sömuleiðis mikil flugumferð um Keflavíkurflugvöll, en lögreglan var rekin með umtalsverðum halla eða samtals 186 milljónum króna þessi tvö ár. Í ársbyrjun 2009 minnkaði flugið töluvert og voru gerðar verulegar breytingar á rekstri embættisins og skipulagi, launum og verkefnum breytt. Þessar ráðstafanir dugðu út árið 2010, þrátt fyrir aukinn farþegafjölda sem og sparnaðarkröfu og greiðslu upp í hallann.

Árið 2011 harðnaði aftur í ári en þá jókst farþegafjöldinn í ríflega 2,1 milljón farþega auk þess sem fjölgun hefur hlutfallslega orðið meiri á flugi frá löndum utan Schengen-svæðisins. Flug frá þeim löndum gerir þær kröfur að skilríki hvers farþega séu skoðuð á meðan Schengen-flug gerir það ekki, enda þótt ýmis verkefni fylgi því. Aukin umsvif gera það að verkum að sá 20 manna kjarni lögreglu, sem starfar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og sinnir landamæravörslu, getur ekki annað lögbundnum verkefnum vegna aukinnar flugumferðar, með þeirri skilvirkni sem nauðsynleg er til að viðhalda þjónustu við flugfélögin sem nýta flugvöllinn.

Samkvæmt upplýsingum frá Isavia er gert ráð fyrir áframhaldandi aukningu á flugumferð um flugstöð Leifs Eiríkssonar á árinu 2013. Það liggur fyrir að lögreglan getur ekki annað auknum umsvifum nema fjölgað verði um 4 stöðugildi í flugstöðvardeild embættisins auk þess sem fjármagna þarf enn á ný 2,5 stöðugildi eða 30 mannmánuði vegna aukinna afleysinga á sumarmánuðum. Kostnaðarmat á þessari aukningu er um 54 m. kr.

Ófremdarástand stendur fyrir dyrum í Flugstöð Leifs Eiríkssonar á næstu árum ef lögreglan á að geta sinnt landamæravörslu af öryggi og skilvirkni þannig að umferð um flugvöllinn og þar með flugáætlanir flugfélaga eigi ekki að fara úr skorðum.

Samkvæmt upplýsingum frá Faxaflóahöfnum sf. komu 88.500 farþegar með farþegaskipum til Reykjavíkur. Skip þessi hafa viðkomu í höfnum hringinn í kringum landið og bætast þá þessir ferðamenn við íbúafjölda þar sem þeir eru hverju sinni sem stóreykur álag á lögregluna. Ljóst er að viðbúnaður lögreglu um allt land er kominn að þanmörkum vegna aukningarinnar.



**Fylgiblað 1.**

Ársverkin gefa bestu myndina af samdrætti vinnuframlags þar sem fjöldi lögreglumanna getur verið mismunandi eftir mánuðum. Þannig var töluvert um sumarafleysingamenn árið 2007 en lítið um þá árið 2011. Það gefur því raunhæfari mynd af því hversu dregið hefur úr fjölda lögreglumanna á ársgrundvelli.

Hins vegar má einnig hafa fjölda lögreglumanna til hliðsjónar miðað við 1. febrúar 2007 og febrúar 2012. Þá þarf þó að hafa í huga lögreglumenn hjá embætti sérstaks saksóknara árið 2012, sem ekki voru á fyrra tímabilinu.

| | Febrúar 2007 | 1.febrúar 2012 |
|---|---|---|
| Yfirlögregluþjónn | 24 | 23 |
| Aðstoðaryfirlögregluþjónn | 26 | 27 |
| Lögreglufulltrúi/aðalvarðstjóri | 107 | 83 |
| Varðstjóri/Rannsóknarlögreglumaður | 261 | 250 |
| Aðstoðarvarðstjóri | 5 | 3 |
| Lögreglumaður | 260 | 235 |
| Afleysingamaður | 29 | 3 |
| **Samtals** | **712** | **624** |

Hjá sérstökum saksóknara störfuðu þrír aðstoðaryfirlögregluþjónar og 29 lögreglufulltrúar 1. febrúar 2012. Til að fá raunhæfan samanburð má gera ráð fyrir að sjö stöður lögreglufulltrúa hafi færst yfir til sérstaks saksóknara við flutning efnahagsbrotadeilar ríkislögreglustjóra þangað 1. september 2011. Sú tala myndi bætast við 624 lögreglumenn 1. febrúar 2012 og yrðu þá 631. Lögreglumönnum hefur þá fækkað um 81 árin 2007-2012.

KPMG
Domino's Pizza
Íslandsbanki
ÍSLENSK VERÐBRÉF 1987 25 ár 2012

# Viðtalstækni *er vandmeðfarin*



*Kristján Ingi Kristjánsson*

**Lögreglumenn hafa beitt viðtalstækni í áratugi, en það gera þeir til að öðlast heildarsýn í þeim málum sem þeir vinna að hverju sinni. Í störfum sínum hafa þeir talsverð samskipti við borgara sem eru varnarlitlir eða -lausir. Til varnarlítilla teljast börn, þroskahamlaðir, líkamlega fatlaðir, geðfatlaðir, aldraðir og þeir sem upplifa ógnun af einhverju tagi (Home Office, 2006). Grein þessi fjallar um hvernig greina megi þá sem eru varnarlitlir. Þá er fjallað um hvernig skuli beita viðtalstækni við þessa borgara til að fá sem áreiðanlegastar frásagnir. Að auki er fjallað um æskileg stuðningsúrræði fyrir þá í viðtölum.**

**Rétt er að geta þess að viðtalstækni sú sem fjallað er um hefur verið beitt síðasta áratuginn í viðtölum við aðila sem hafa orðið fyrir eða orðið vitni að alvarlegum málum svo sem kynferðisbrotum, ofbeldisbrotum og voðaatburðum. Hér á landi hafa slík viðtöl verið framkvæmd af lögreglunni og starfsmönnum Barnahúss. Í Stóra-Bretlandi hafa slík viðtöl verið framkvæmd að stórum hluta af félagsráðgjöfum eða sérhæfðum lögreglumönnum.**

### *Viðtalstækni*

Viðtalstækni er vandmeðfarin og fara þarf varlega að varnarlitlum einstaklingum. Greina þarf hvort viðmælendur eru varnarlitlir, hvernig undirbúningur og upphaf viðtals eigi að vera, hvaða spurningatækni skuli beitt og hvaða viðtalsgildrur eru til staðar.

### *Greining á varnarlitlum einstaklingum*

Hvernig berum við kennsl á þá sem eru varnarlitlir? Erfitt getur verið að greina þessa aðila í fyrsta viðtali. Á Íslandi erum við þó þeirrar gæfu njótandi að flestir sem eru fatlaðir á einhvern hátt hafa verið greindir í heilbrigðiskerfinu sem slíkir. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 eru allir undir 18 ára aldri börn. Til fatlaðra teljast þeir sem hafa þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón- eða heyrnarskerðingu. Einnig þeir sem hafa orðið fatlaðir vegna langvarandi veikinda eða slysa sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992. Þetta skilur þó eftir þann hóp manna sem þjakaðir eru af hræðslu, en slíkt hugarástand gæti verið tilkomið vegna ofbeldis, voðaatburðar eða einhvers annars. Þess ber að gæta að fólk gæti tilheyrt fleiri en einum flokki. Þar mætti nefna að fötluðum einstaklingi gæti auðveldlega verið ógnað og því þjáðst af hræðslu vegna voðaatburðar eða ofbeldis (Home Office, 2006).

Þess ber að gæta að lögreglumaður sem fær aðila til viðtals þarf að vera vakandi yfir því hvort viðkomandi er ruglaður í háttum. Mögulega skýringu gæti verið að finna í því hvort hann er undir áhrifum áfengis, fíkniefna eða lyfja. Þá gæti skýringu verið að finna í fráhvörfum hans á þessum efnum. Þriðja skýringin gæti verið að hann flokkaðist undir það að vera varnarlítill (Home Office, 2006; Ministry of Justice, 2011).

### *Undirbúningur og upphaf viðtals*

Lögreglumenn þurfa að undirbúa viðtöl sín vel, þá sérstaklega þegar þeir eru að fara að ræða við varnarlitla einstaklinga eða börn. Í fyrsta lagi þurfa þeir að meta hvar viðtalið skuli fara fram, sé þess nokkur kostur. Í tilfellum varnarlítilla væri hugsanlegt að heimili þeirra myndi henta best fyrir viðtölin. Þeir eru öruggir í eigin umhverfi og það getur oft verið sniðið að sérþörfum þeirra. Umhverfi viðtals þarf að vera hlýlegt en hæfilega formlegt. Mikilvægt er að lögreglumaðurinn og viðmælandi hans njóti næðis í viðkvæmum viðtölum sem þessu. Það er mikilvægt að viðmælendum finnist þeir geta tjáð sig um viðkvæm málefni án truflunar (Kadushin og Kadushin, 1997).

Í öðru lagi þurfa þeir að finna hvert markmið viðtalsins er. Lögreglumenn þurfa að vita hvaða upplýsingar þeir þurfa frá viðmælendum sínum til að geta beint rannsókn sinni á rétta braut. Þá verða þeir að vita ástæðu þess að upplýsingarnar eru nauðsynlegar og hvernig þeir geta notað þær (Kadushin og Kadushin, 1997). Undirbúningur viðtals er mikilvægur og spáir fyrir um gæði viðtalsins. Tekið er tillit til fyrirliggjandi upplýsinga og aðalatriði greind, tekn-ir eru minnispunktar þannig að engin atriði gleymist og spurt verði um lykilatriði (Ministry of Justice, 2011).



### *Spurningatækni*

Rétt er að viðtal við varnarlitla einstaklinga fari fram á sama hátt og viðtöl við aðra. Almennt má segja að viðtöl við varnarlitla skiptist upp í fjóra þætti: Uppbygging trausts, frjáls frásögn, opnar og lokaðar spurningar og lok (Home Office, 2006).

Traust skapast ef lögreglumaðurinn sýnir að hann hafi áhuga á viðmælanda og sýni áhuga á þörfum hans. Upphaf viðtals ákvarðar oft hvernig viðtalið mun ganga og því er nauðsynlegt að skapa traust til að renna stoðum undir vel heppnað viðtal (Ministry of Justice, 2011; Kadushin og Kadushin, 1997). Hann getur gert þetta með almennu spjalli og með því að beina í fyrstu viðtalinu inn á hlutlausan umræðugrundvöll.

Næst er farið í að spyrja viðmælendur opinna spurninga með það að markmiði að tryggja frjálsa frásögn eða frjálst flæði upplýsinga. Opnar spurningar gefa ítarlegar upplýsingar og ættu að vera notaðar sem mest í viðtölum. Þær gefa viðmælendum tækifæri á að koma þeim upplýsingum á framfæri sem þeir vilja og takmarkast þannig ekki af þeim spurningum sem lagðar eru fram. Þær draga jafnframt úr líkum á því að spyrjandinn hafi áhrif á viðmælanda. Opnar spurningar auka því frelsi spyrjenda og draga úr hömlum viðmælenda (Ministry of Justice, 2011, Kadushin og Kadushin, 1997). Þá fylgja frjálsri frásögn lokaðar spurningar. Þær takmarka svör viðmælenda og mælt er með að þær fylgi í kjölfar opinna spurninga. Lokaðar spurningar auka gagnsæi, beina sjónum að viðtalinu sjálfu og þrengja niður viðfangsefnið (Home Office, 2006; Ministry of Justice, 2011). Þær eru einnig notaðar þegar spyrillinn hefur fengið upplýsingar en vantar ítarlegri útskýringu á þeim (Kadushin og Kadushin, 1997).

Í viðtölum við varnarlitla beitir lögreglumaðurinn virkri hlustun. Hún er lykill að góðu viðtali og gengur út á að hann hlusti á viðmælanda sinn af athygli. Hann lætur hann vita með látbragði, svipbrigðum, orðum og undirtektum að hann hlusti. Hann gætir hlutleysis og lætur ekki sitt eigið álit stjórna hegðun sinni. Framkoma lögreglumannsins skiptir miklu máli. Til að mynda gætir hann þess að fara ekki inn á persónusvið viðmælandans, en með því gæti hann valdið óþarfa streitu hjá viðmælandanum (Kadushin og Kadushin, 1997; Ministry of Justice, 2011).

Margt varnarlítið fólk getur átt í erfiðleikum með frjálsa frásögn. Sumt þeirra óttast að segja frá, aðrir eru þjakaðir af streitu og sumir eru það þroskahamlaðir að þeir ná ekki að framkalla minningar í frjálsri frásögn. Frásagnir þeirra gætu skýrst ef þeir yrðu spurðir viðeigandi spurninga. Spurningarnar þurfa að vera einfaldar og skýrar. Varast skal að nota fagorð og orð eða hugmyndir sem hægt er að túlka á fleiri en eina vegu. Hver spurning má bara innihalda eitt atriði. Þá mega spurningarnar ekki vera of beinskeyttar eða leiðandi. Loks mega þær ekki innihalda tvöfalda neitun (Home Office, 2006). Rannsóknir hafa sýnt að fullorðnir einstaklingar með greindarvísitölu vel undir meðallagi og börnum er hætt við því að gefa ranga frásögn séu þau spurð leiðandi spurninga (Gísli Guðjónsson, 1992; Kadushin og Kadushin, 1997).

Mikilvægt er að loka viðtölum við varnarlitla á viðeigandi hátt. Lögreglumaðurinn tekur saman frásögn viðmælandans með því að gera



FORTIS
KOLA PORTIÐ
JÁKÓ / ÍSACO
VÉLAR OG EFNAVÖRUR S/F
RMC
REYKJAVÍK MOTOR CENTER
Íslenska mótorhjólabúðin
SAMHENTIR
UMBÚÐALAUSNIR
netto
Ódýrt fyrir heimilið!
SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG
Landsvirkjun

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

Scandinavian Smørrebrød
og Braaserie
Laugavegi 24
Seljakirkja
Hagaseli 40
Sendibílar
og hraðþjónusta ehf
Urriðakvísl 3
Senia ehf
heildverslun
Skútuvogi 1e
Sérefni ehf málningarvöruverslun
Síðumúla 22
Shop Couture sf
Síðumúla 34
SHV pípulagningaþjónusta ehf
Funafold 54
Sigmundur Hannesson hrl.
Katrínartúni 2 Höfðatorgi
Sigurboginn snyrti- og
tískuvöruverslun
Laugavegi 80
Sigurjónsson & Thor ehf
Lágmúla 7
Sindrafiskur ehf
Mánatúni 5
Síma- og tölvulagnir hf
Kirkjustétt 34
Sínus ehf
Grandagarði 1a
Sjálfstæðisflokkurinn
Háaleitisbraut 1
Sjóvélar ehf
Skútuvogi 12
Skala ehf
Lágmúla 5
Skipamiðlarar ehf
Grandagarði 14
Skipaþjónusta Íslands ehf
Grandagarði 18
Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins
Borgartúni 12-14
Skolphreinsun Ásgeirs sf
Unufelli 13
Skorri ehf
Bíldshöfða 12
Skólavefurinn.is
Laugavegur 163
Skóvinnustofa Halldórs
Guðbjörnssonar
Hrísateigi 19
Slökkvilið
höfuðborgarsvæðisins bs
Skógarhlíð 14
SM kvótaþing ehf
Skipholti 50d
Smith og Norland hf
Nóatúni 4
Snóker- og Poolstofan
Lágmúla 5
Snæland Grímsson hópferðabílar
Langholtsvegi 115

Spíssar ehf
Þórðarhöfða
Sportbarinn ehf
Álfheimum 74
Sportlíf
Síðumúla 1
Staukur ehf-leiktæki og sjálfsalar
Krókhálsi 5
Stál og stansar ehf
Vagnhöfða 7
Stálbyggingar ehf
Hvammsgerði 5
STEF Samband tónskálda og
eigenda
Laufásvegi 40
Stilling ehf
Kletthálsi 5
Stjörnuspekimiðstöðin ehf
Geitlandi 4
Stofnun Árna Magnússonar
Suðurgötu
Stólpi ehf - alhliða viðgerðaþjónusta
Klettagörðum 5
Suzuki bílar hf
Skeifunni 17
Svarta Kaffið kaffihús
Laugavegi 54
SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu
Borgartúni 35
Söluturninn Skipholti 50c,
Tacsis
lögfræðiþjónusta
Lækjartorgi 5
Talnakönnun hf
Borgartúni 23
Tandur hf
Hesthálsi 12
Tannlæknastofa
Barkar Thoroddsen
Borgartúni 33
Tannlæknastofa Björns
Þorvaldssonar
Síðumúla 25
Tannlæknastofa
Egils Kolbeinssonar
Grensásvegi 44
Tannlæknastofa Ingólfs Eldjárn
Vegmúla 2
Tannver Ásgeirs ehf
Hverfisgötu 105
Tannþing ehf
tannlæknastofa
Þingholtsstræti 11
TGM ráðgjöf ehf
Ármúla 38
Thai matstofan ehf
Suðurlandsbraut 52
Timberland Kringlunni
og Laugavegi,
Tímadjásn
skartgripaverslun
Grímsbæ Efstalandi 26

Tollstjóraembættið
Tryggvagötu 19
Tollvarðafélag Íslands
Tryggvagötu 19
Tort ehf
Aðalstræti 8
Trocadero
veitingastaður
Brekkuhúsum 1
Túnþökuþjónustan ehf
s: 897 6651
Lindarvaði 2
Tækni ehf
vélsmiðja
Súðarvogi 9
Tösku- og hanskabúðin ehf
Skólavörðustíg 7
Ull og gjafavörur
verslun
Hótel Sögu
Umferðarstofa
Borgartúni 30
Úra- og klukkuverslun Gilberts Ó
Guðjónssonar
Laugavegi 62
Útfararstofa Íslands ehf
Suðurhlíð 35
Útfaraþjónusta Rúnars
Geirmundssonar
Fjarðarási 25
Vagnar og þjónusta hf
Tunguhálsi 10
Varahlutaverslunin Kistufell ehf
Brautarholti 16
Varma & Vélaverk ehf
Knarrarvogur 4
VDO verslun og verkstæði
Borgartúni 36
Vegamót Bistró & Bar
Vegamótastíg 4
Veiðibúðin Hlað ehf
Bílshöfða 12
Veiðiflugur ehf
Langholtsvegi 111
Veiðikortið ehf
Kleifarseli 5
Veiðiþjónustan Strengir
Smárarima 30
Veitingahúsið Caruso
Þingholtsstræti 1
Veitingahúsið Jómfrúin
Lækjargötu 4
Veitingahúsið Lauga-Ás
Laugarásvegi 1
Verðlistinn Laugalæk
Laugarnesvegi 74a
Verkfærasalan ehf
Síðumúla 11
Verslunin Fríða frænka
Vesturgötu 3
Vesturröst-Sérversun veiðimanna
Laugavegi 178

Vélar og verkfæri ehf
Skútuvogi 1c
Vélsmiðjan Ar ehf
Krókhálsi 5f
Vélvík ehf
Höfðabakka 1
Viðskiptastofan
Ármúla 21
Vilberg kranaleiga ehf
Fannafold 139
Vilhjálmsson sf
heildverslun
Sundaborg 1
Vitabar
veitingahús
Bergþórugötu 21
Vífilfell ehf
Stuðlahálsi 1
Víkurós ehf
bílamálun og réttingar
Bæjarflöt 6
Vörubílastöðin Þróttur hf
Sævarhöfða 12
Wilson's Pizza
Gnoðarvogi 44
Þín verslun ehf
Hagamel 39
Þrír Frakkar hjá Úlfari
veitingahús
Baldursgötu 14
Ökuskólinn í Mjódd ehf
Þarabakka 3
Seltjarnarnes
Bæjarins bestu sf
Böllagörðum 4
Felixson ehf
Lindarbraut 11
Innrömmun Guðmundar
Eiðistorgi 15
Nýjaland ehf
Eiðistorgi 13
Sævar bíla- og bátarafmagn
Kirkjubraut 13
Tannlæknastofa Ragnars Ó
Steinarssonar ehf
Eiðistorgi 15
Vökvatækni ehf
Bygggörðum 5
Vogar
Loftræstihreinsun ehf
Vogagerði 19
Sveitarfélagið Vogar
Iðndal 2
Vélsmiðjan Altak ehf
Jónsvör 5

## Kópavogur

Aalborg Portland Íslandi hf
Bæjarlind 4
About Fish Íslandi ehf
Holtasmára 1




samantekt í lok viðtals er stiklað á stóru um innihald þess. Þannig er honum gefinn kostur á að leiðrétta skilning lögreglumannsins á innihaldi viðtalsins (Kadushin og Kadushin, 1997). Þannig er skynsamlegt að ræða um hlutlaus málefni, þakka aðila fyrir viðtalið og gera honum grein fyrir að hann megi leita til lögreglumannsins aftur. Þrátt fyrir að viðmælandi hafi ekki tjáð sig mikið er mikilvægt að hann finni að hann hafi ekki brugðist væntingum spyrjanda. Þetta er líklegt til að auðvelda samskipti þeirra í framtíðinni (Home Office, 2006; Kadushin og Kadushin, 1997; Ministry of Justice, 2011).

### *Framkoma og stuðningur*

Það er mikilvægt að lögreglumenn beri virðingu fyrir viðmælendum sínum og komi fram við þá af fullri kurteisi. Þá þurfa þeir að bera virðingu fyrir sérstöðu hvers einstaklings og mæta honum þar sem hann er staddur. Lögreglumaður rækir starfið án manngreinarálits og virðir réttindi viðmælenda sinna. Hann gætir þess að koma fram við varnarlitla aðila á sama hátt og við aðra. Það gerir hann með því að gæta þess að viðmælandi hans finni ekki að hann viti um þessa veikleika hans.

Margir varnarlitlir einstaklingar þurfa lengri tíma í viðtölum en annað fólk. Það tekur þá lengri tíma að skilja, hugsa og bregðast við spurningum. Rannsóknir hafa sýnt að spyrjendur þurfa að (Home Office, 2006):

- Hægja á talhraða sínum.
- Að leyfa viðmælendum að melta lengur hvað var sagt.
- Að gefa viðmælendum tíma til að undirbúa viðbrögð eða svör.
- Að sýna þolinmæði við hæg viðbrögð eða svör viðmælenda, sérstaklega þegar að milligöngumaður er notaður til að túlka orð þeirra.
- Að spyrja ekki næstu spurningar strax eftir að búið er að svara spurningunni á undan. Það er að segja að spyrja ekki spurningar ofan í spurningu.
- Að forðast að grípa fram í frásögn viðmælenda.
- Hraði viðtala ætti að ráðast af þörfum viðmælenda. Fyrir utan það að viðtölin taki lengri tíma verður að gera fleiri hlé. Varnarlitlir viðmælendur geta ekki einbeitt sér eins lengi og þurfa hlé til að safna kröftum eða til að sinna öðrum þörfum eins og að fara salerni. Spyrjandi ætti í upphafi viðtals að hvetja viðmælendur til að láta vita þurfi þeir á hléi að halda (Home Office, 2006).

Lögreglumenn þurfa að gera sér grein fyrir því hvaða stuðning viðmælendur þeirra þurfa í viðtölum. Stundum getur verið þörf á túlk, málsvara, stuðningsaðila eða einhverju öðru. Lykilatriði er að skjólstæðingar skilji það tungumál sem fram fer (Home Office, 2006). Í því sambandi mætti nefna að þeir fái að tjá sig á móðurmáli, fái að nota töflu með táknum eða tölvuskjái sé fötlun þeirra með þeim hætti.

Þá er ljóst að tímasetja þarf viðtalið miðað við þarfir viðmælenda. Til að mynda taka geðfatlaðir einstaklingar lyf sín á morgnana og eru oft ekki viðræðuhæfir fyrr en um og eftir hádegi. Þá þurfa sumir fatlaðir, veikir eða aldraðir einstaklingar að fara oftar á salerni en aðrir og sumir þurfa aðstoðarmenn til þess. Úthald sumra er lítið og því þarf hugsanlega að taka fleiri en eitt viðtal við þá (Home Office, 2006).

### *Viðtalsgildrur*

Nokkrar hættur eru á að áreiðanleiki frásagnar varnarlítilla viðmælenda minnki sé réttri viðtalstækni við þá ekki beitt. Höfundur þessa erindis kýs að nefna þessar hættur viðtalsgildrur.

Viss hætta er á að viðmælendur reyni að þóknast (acceptance) spyrjendum, sérstaklega börn og varnarlitlir einstaklingar. Það er því mikilvægt að spyrjendur séu vakandi fyrir þessari hættu. Til að mynda er ákveðin hætta á að slíkt gerist klifi spyrjandi á sömu spurningunum aftur og aftur. Viðmælandi verður þá þreyttur og svarar spurningunum á þann hátt sem hann telur að spyrjandi vilji. Þá er viss hætta á að börn eða aðrir varnarlitlir einstaklingar vilji koma sem best út úr viðtalinu. Þeir þykjast þá skilja spurningar sem þeir hreint botna ekki í og gefa svör sem þeir skilja ekki sjálfir (Gísli Guðjónsson, 1992; Home Office, 2006; Ministry of Justice, 2011).

Í upphafi viðtals ætti lögreglumaðurinn að hvetja viðmælanda sinn til að segja frá, skilji hann ekki þær spurningar sem fyrir hann eru lagðar. Jafnframt ætti hann að gera honum grein fyrir að það sé í lagi að svara: „Ég veit ekki“ eða „ég man ekki.“ Þetta varnar því að viðmælandinn láti undan þrýstingi og fari að skálda eitthvað upp (Home Office, 2006; Ministry of Justice, 2011). Hann gæti eða ætti að æfa þetta í upphafi viðtals til að viðmælandinn eigi léttara með að skýra frá því að hann skilji ekki spurningarnar sem fyrir hann eru lagðar.

Þegar viðtöl eru tekin við varnarlitla einstaklinga á að forðast leiðandi spurningar þar sem einungis er hægt að svara játandi eða neitandi. Slíkar spurningar geta verið flóknar fyrir þá, sérstaklega þá sem glíma við þroskahömlun (Home Office, 2006; Kadushin og Kadushin, 1997 og Ministry of Justice, 2001). Þá ber þess að geta að börn og þroskahamlaðir einstaklingar eru vanir því að hlýða og eiga erfitt




Madonna
Ristorante Italiano
Við viljum bjóða öllum starfsmönnum lögreglunar afslátt hjá okkur.
10% á föstudögum og laugardögum og 25% sunnudaga til fimmtudaga.
Eldhúsið opnar klukkan 17⁰⁰ alla daga og það eina sem þarfa að gera er að framvísa starfsmannakorti.

112
EINN EINN TVEIR

ORKAN

SORPA
ÁRANGUR Í UMHVERFISMÁLUM

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

Arnarverk ehf
Kórsölum 5
Ásborg slf
Smiðjuvegi 11
Átak ehf
bílaleiga
Smiðjuvegi 1
Bifreiðaverkstæði
Jónasar ehf
Skemmuvegi 46
Bílalakk ehf
Laufbrekku 26
Bílalökkun.is
Skemmuvegi 4
Bílamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46e
Bílamálunin Varmi ehf
Auðbrekku 14
Bílaverkstæði Kjartans
og Þorgeirs sf
Smiðjuvegi 48d
Bíltækni ehf
Smiðjuvegi 32
Bjarni Runólfsson
Álfatúni 13
Blikkarinn hf
blikksmiðja
Auðbrekku 3-5
Datek Ísland ehf
Smiðjuvegi 50
Eignarhaldsfélag
Brunabótafélags Íslands
Hlíðasmára 8
Einar Beinteins ehf -
Dúklagningameistari
Grófarsmára 8
Eyfeld ehf
Bæjarlind 14-16
Fagsmíði ehf
Kársnesbraut 98
Fjárstöð ehf
Smáratorgi 3
G. Sigurður Jóhannesson
Skógarhjalla 10
Garminbúðin
Ögurhvarfi 2
Guðjón Gíslason ehf
Ennishvarfi 15b
Hárgreiðslu og rakarastofan Hera
Borgarholtsbraut 69
Hefilverk ehf
Jörfalind 20
Hjörtur Eiríksson sf
Daltúni 1
Hópvinnukerfi ehf-
Focal Software & Consulting
Hlíðarsmára 14
Hringás ehf
Skemmuvegi 10 blá_gata
Hugbúnaður hf
Engihjalla 8
Hvellur-G. Tómasson ehf
Smiðjuvegi 30

Íslandsspil sf
Smiðjuvegi 11a
Íslenska lögfræðistofan
Smáratorgi 3
Íslenskt marfang ehf
Bæjarlind 6
Ísnes ehf
heildverslun
Hamraborg 5
Já kvætt ehf
Asparhvarfi 18
K.S. Málun ehf
Fellahvarfi 5
Klippistofa Jörgens ehf
Bæjarlind 2
Kynnisferðir ehf
Vesturvör 34
Körfuberg ehf
Kleifakór 1a
Lakkskemman ehf
Skemmuvegi 30
Lakksmiðjan ehf
bílamálun og réttingar
Smiðjuvegi 4e
Léttfeti ehf - Sendibíll
Engihjalla 1
Listinn-www.listinn.is
Akralind 7
Lögfræðistofa Jóhanns
Baldurssonar ehf
Hlíðasmára 6
Lögfræðistofa Jóhanns
Baldurssonar hdl
Hlíðasmára 6
Löggiltir endurskoðendur ehf
Hlíðarsmára 6
Lögmannsstofa Guðmundar
Þórðarsonar
Hamraborg 14a
MótX ehf
Drangakór 4
Norm X ehf
Auðbrekku 6
Rafbreidd ehf
heimilistækjaviðgerðir
Akralind 6
Rafmiðlun hf
Ögurhvarfi 8
Rafport ehf
Nýbýlavegi 14
Sérsmíði ehf
Skemmuvegi 22
Sérverk ehf
Askalind 5
Skalli
Ögurhvarfi 2
Snertill
verkfræðistofa
Hlíðasmára 14
Snyrtistofan Jóna ehf
Hamraborg 10
Stjörnublikk ehf
Smiðjuvegi 2

Suðurverk hf
Hlíðasmára 11
TERN SYSTEMS hf
Hlíðasmára 15
Toyota á Íslandi hf
Nýbýlavegi 4-8
Tröllalagnir ehf
pípulagningaþjónusta
Auðnukór 3
Verkfræðistofa
Erlends Birgissonar ehf
Hlíðasmára 17
Verkfræðistofa
Kópavogs ehf
Dalvegi 18
Verkfræðistofan VSI
öryggishönnun og ráðgjöf ehf
Hamraborg 11
Vetrarsól ehf
Askalind 4
Vídd ehf
flísaverslun
Bæjarlind 4
Vínekran Bourgogne ehf
Suðurbraut 7
Ýmus ehf
heildverslun
Laufbrekku 28
Þakpappaþjónustan ehf
Lautasmára 1
Þorvar Hafsteinsson
Gulaþingi 66
Ökukennsla EK ehf
Goðakór 1
Garðabær
Alu1 ehf
Lyngási 13
Elektra ehf
Lynghálsi 11

## Garðabær

Garðatorgi 7
Geislatækni ehf-Laser-þjónustan
Suðurhrauni 12c
GJ bílahús ehf
Suðurhrauni 3
Hafnasandur hf
Birkiási 36
Hagráð ehf
Hofslundi 8
Hannes Arnórsson ehf
Móaflöt 41
Hurðaborg ehf
Sunnuflöt 45
Ísafoldarprentsmiðja ehf
Suðurhrauni 1
Loftorka ehf
Miðhrauni 10
Mokarinn ehf
Faxatúni 5
Rafboði
Skeiðarási 3

Samey ehf
Lyngási 13
Úranus ehf
Hegranesi 21
Verktakafélagið
Glaumur ehf
Birkihæð 5
Vörumerking ehf
Suðurhrauni 4a
Örvar Sigurðsson
Árakri 7
Öryggisgirðingar ehf
Suðurhrauni 2

## Hafnarfjörður

Aðalskoðun hf
Hjallahrauni 4
Alexander Ólafsson ehf
Álfhellu 1
Altis ehf
Bæjarhrauni 8
Barkasuða Guðmundar ehf
Hvaleyrarbraut 27
Batteríið Arkitektar ehf
Trönuhrauni 1
Bátaraf ehf
Suðurgötu 106
Blikó ehf
Heiðvangi 18
Byggingafélagið Sandfell ehf
Reykjavíkurvegi 66
Donna ehf-Ferno Norden á Íslandi
Móhellu 2
DS lausnir ehf
Rauðhellu 5
Essei ehf
Hólshrauni 5
Fasteignasala
Gunnars Ólafssonar
Reykjavíkurvegi 60
Fjarðargrjót ehf
Furuhlíð 4
Fjörukráin-Hótel Víking
Strandgötu 55
Flúrlampar ehf
Kaplahrauni 20
Fura málmendurvinnslan ehf
Hringhellu 3
G. Ingason hf
Hvaleyrarbraut 3
Gamla Vínhúsið-A. Hansen
Vesturgötu 4
Geymsla Eitt ehf
Steinhellu 15
Glerpró ehf
Kaplahrauni 8
H. Jacobsen
Reykjavíkurvegi 66
Hagtak hf
Fjarðargötu 13-15
Hársnyrtistofan Halli rakari
Strandgötu 32






með að segja nei við fullorðna einstaklinga. Þá ber einnig að forðast spurningar þar sem viðmælanda er gefinn kostur á að velja milli tveggja svarmöguleika, það er: „Var þetta með þessum hætti eða með öðrum hætti?“ Slíkar spurningar eru til þess fallnar að rugla viðmælendur, auk þess sem þeir velja oft bara annan möguleikann (Goldstein, 1999; Home Office, 2006; Ministry of Justice, 2011).

Geðfötlun útilokar ekki áreiðanleika frásagnar. Hins vegar hafa margir geðsjúkdómar þau áhrif að vernda verður geðfatlaða frá auknu álagi með því að veita þeim stuðning. Þannig geta frásagnir þeirra af erfiðum atburðum áföllum valdið auknu álagi og því þarf lögreglumaðurinn að tryggja viðeigandi stuðning fyrir þá (Gísli Guðjónsson, 1999; Home Office, 2006).

Áreiðanleiki frásagnar viðmælenda sem þjást af geðhvarfasýki eða skynvillusjúkdómum kann að vera takmarkaður. Stundum hefur komið í ljós að þeir sækja minningar sínar í ímyndaðan heim, sem er sannur að þeirra áliti, en á ekkert skylt við raunveruleikann (Gísli Guðjónsson, 1999; Home Office, 2006).

Viðmælendum, sem haldnir eru kvíða af ýmsum toga, er hætt við því að reyna þóknast lögreglumönnum í viðtölum með því að segja það sem þeir telja að þeir vilji heyra. Þannig hættir þeim til að segja frá ímynduðu reynslu til að bæta upp fyrir eitthvað sem þeir hafa í raun gleymt (Gísli Guðjónsson, 1999; Home Office, 2006).

Hugræn geta viðmælenda er mismunandi og getur ráðist af aldri þeirra. Til að mynda er erfitt að meta áreiðanleika frásagnar aldraðra með elliglöp. Það kann því að vera ástæða fyrir lögregluna til að fá álit sérfróðra um getu þeirra, svo sem öldrunarlæknis, sálfræðings eða félagsráðgjafa, og til að meta áreiðanleikann (Gísli Guðjónsson, 1999; Home Office 2006).

Loks ber að nefna að viðhorf viðmælanda til lögreglumannsins gæti verið brenglað. Hann gæti þannig séð lögreglumanninn sem fulltrúa stjórnvalds. Þannig myndi hann sýna lögreglumanninum ofstopa eða reyna að heilla hann. Þetta gæti skekkt frásögn hans (Gísli Guðjónsson, 1999; Home Office, 2006). Undanlátssemi (compliance) er tilhneiging einstaklingsins til að samþykkja uppástungu, ósk eða fyrirmæli til að líta betur út. Hún skiptist í tvo þætti. Annars vegar að vernda eigin sjálfsímynd í viðurvist annarra, hins vegar að forðast ágreining við fólk sem er fulltrúar stjórnvalds af einhverju tagi (Gísli H. Guðjónsson, Jón Friðrik Sigurðsson, Ólafur Ö. Bragason og Eva B. Valdimarsdóttir, 2004).

### Lokaorð

Frásagnir varnarlítilla samkvæmt umfjöllun þessari geta verið áreiðanlegar grípi menn til þeirrar viðtalstækni sem greint hefur verið frá. Áreiðanleiki vitnisburðar þroskahamlaðs fólks fyrir rétti var rannsakaður í Bretlandi. Í ljós kom að áreiðanleikinn var aðeins minni hjá þroskahömluðum en meðal almennings. Áreiðanleikinn réðst af því hvernig spyrjendur lögðu fram spurningar sínar. Til að mynda leiddi gagnprófun framburðar varnarlítilla til þess að framburðir þeirra urðu ruglingslegir og höfðu minna sönnunargildi. Sömu sögu var að segja ef lagðar voru fyrir þá lokaðar, flóknar eða leiðandi spurningar (Home Office, 2006; Kebbell og Hatton, 1999; Ministry of Justice, 2011).

Lögreglumaðurinn hefur það að markmiði að fá berskjaldaðan viðmælanda sinn til að segja með eigin orðum frá því hvað gerðist. Hann á að gefa viðmælandanum færi á segja frá óhindrað og útvega honum hjálp til að tjá eigin hugsun og tilfinningar (Nijnatten og Heestermans, 2010). Þessu markmiði verður ekki náð nema með vandaðri viðtalstækni þar sem tillit er tekið til veikleika og styrkleika viðmælandans.

Hæfni, þekking og reynsla eru eiginleikar sem lögreglumaður þarf að hafa í viðtölum við varnarlitla einstaklinga. Hæfni er geta til þess að beita viðtalstækni á áhrifaríkan hátt. Ekki er nóg að vita hvað þarf að gera, heldur hvernig það er gert. Þeir þurfa að þekkja forsögu viðmælenda. Þá þurfa þeir að þekkja afleiðingar andlegra, tilfinningalegra og líkamlegra sjúkdóma hjá þeim. Eins þurfa þeir að vita hverjar afleiðingar elliglapa eru hjá öldruðum. Árangursríkt viðtal einkennist af framkomu lögreglumannsins við viðmælanda sinn, þar sem markmið og umgjörð viðtals eru skýr. Rannsóknir hafa sýnt að þeir sem ná mestum árangri í viðtölum eru hlýir og viðurkenna þarfir viðmælenda sinna. Þá eru þeir opnir fyrir tilfinningum þeirra, en halda um leið sjálfsstjórn og stjórn á aðstæðum viðtala (Kadushin og Kadhusin 1997). Reynsluna öðlast lögreglumenn sjálfir og með því að taka mið af reynslu annarra.

Rétt er að hafa í huga að viðtalstækni þróast og tekur breytingum með síbreytilegu samfélagi. Lögreglumenn þurfa því að stunda endurmenntun á sviði viðtalstækni. Viðtalstækni verður ekki lærð í eitt skipti fyrir öll.

Fram hefur komið að hlýleg framkoma skiptir miklu máli í viðtölum og því er við hæfi að hafa eitt erindi í ljóði Einars Benediktssonar (1964), Einræður Starkaðar, að leiðarljósi:

> Eitt bros—getur dimmu í dagsljós breytt,
> sem dropi breytir veig heillar skálar.
> Þel getur snúizt við atorð eitt.
> Aðgát skal höfð í nærveru sálar.
> Svo oft leyndist strengur í brjósti, sem brast
> við biturt andsvar, gefið án saka.
> Hve iðrar margt líf eitt augnakast,
> sem aldrei verður tekið til baka.

*Kristján Ingi Kristjánsson*
*lögreglufulltrúi*


**Heimildir**

Barnaverndarlög nr. 80/2002 með áorðnum breytingum.

Einar Benediktsson. (1964). Einræður Starkaðar. Kvæðasafn. Reykjavík: Bragi H.F.

Gísli Guðjónsson. (1992). The psychology of interrogations, confessions and testimony. Leicester: John Wiley & Sons.

Gísli H. Guðjónsson, Jón Friðrik Sigurðsson, Ólafur Ö. Bragason, Emil Einarsson og Eva B. Valdimarsdóttir. (2004). Compliance and personality. The vulnarability of the unstable introvert. European Journal of Personality, 18, 435-443. Sótt 21. september 2012 af slóðinni http://web.ebscohost.com/ehost/pdfviewer/pdfviewer?vid=4&hid=123&sid=39989d5f-2cf6-418f-91bf-01eaef4c7eb2%40sessionmgr113.

Goldstein, S. L. (1999). The sexual explotation of children. A practical guide to assesment, investigation and intervention. (2. útgáfa). London: CRC press.

Home Office. (2006). Achieving Best Evidence in Criminal Proceedings. Guidance for Vulnerable or Intimidated Witnesses, including Children. London: Grown.

Kebbel,, M. R. og Hatton, C. (1999). People with mental retardation as witnesses in court: A review. [Rafræn útgáfa]. Mental Retardation, 37, 179-187.

Kadushin, A. og Kadushin, G. (1997). The social work interview: A guide for human service professionals (4. útgáfa). New York: Columbia University Press.

Ministry of Justice. (2011). Achieving best evidence in criminal proceedings. Guidance on interviewing victims and witnesses, and guidance on using special measures. Sótt 10. september 2012 af slóðinni http://www.cps.gov.uk/publications/docs/best_evidence_in_criminal_proceedings.pdf.

Nijnatten, C. og Heestermans. (2010). Interviewing victims of sexual abuse with an intellectual disability: A dutch single case study. Journal of Social Work Practice, 24, 391-407. Sótt 21. september 2012 af slóðinni http://web.ebscohost.com/ehost/pdfviewer/pdfviewer?vid=6&hid=123&sid=ba1c87af-8d5d-4be9-88b4-538c71baef2f%40sessionmgr113.

Lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992 með áorðnum breytingum.

Thomson, N. (2009). Understanding social work (3. útgáfa). Hamshire: MacMillan.




# Í átt að einu *lögregluliði?*



*Pétur Berg Matthíasson.*

**Umræða um fækkun og stækkun lögregluembætta hefur staðið yfir síðan lögreglulög nr. 90/1996 tóku gildi árið 1997. Tíu árum síðar var gerð umtalsverð breyting á skipan lögreglumála þegar lögregluembættunum var fækkað úr 26 í 15. Markmiðið með þeirri breytingu var að efla og styrkja lögregluembættin í landinu. Ástæðurnar voru einkum taldar þær að smæð einstakra lögregluliða stæði starfi þeirra fyrir þrifum með hliðsjón af þeim auknu kröfum sem lögreglan stóð frammi fyrir á þeim tíma.**

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp um verulegar breytingar á skipan lögreglumála. Meginbreytingin sem kveðið er á um í frumvarpinu er að lögregluembættum verði fækkað úr 15 í 8. Ástæðurnar fyrir þessari ákvörðun byggja annars vegar á mati nefndar sem skipuð var til að meta árangur af skipulagsbreytingunum sem tóku gildi árið 2007. Nefndin taldi að meiri stækkun lögregluembætta gæti aukið slagkraft lögregluliða til að ná markmiðunum sem sett voru með breytingunum 1. janúar 2007. Hins vegar eru það afleiðingar hrunsins, en ríkið hefur þurft að draga saman seglin vegna erfiðra aðstæðna í fjármálum ríkisins. Hafa ber í huga að þær skipulagsbreytingar sem gengu í garð 1. janúar 2007 byggja á greiningu á skipan lögreglumála frá árinu 2005 sem unnin var af verkefnisstjórn um nýskipan lögreglumála. Verkefnisstjórnin á þeim tíma lagði til að flest lögregluumdæmin yrðu stækkuð til muna og yrðu jafnvel einungis fimm til sjö talsins.

Ýmis önnur stór mál er varða skipulag og vinnulag innan lögreglunnar hafa verið í umræðunni síðastliðinn áratug ef ekki lengur. Rætt hefur verið um að lögreglustjórar hafi nánast eingöngu með höndum lögregluverkefni en ekki verkefni sýslumanna og tollstjóra. Breyting var gerð á tollalögum sem tók gildi 1. janúar 2007, en þá var landið gert að einu tollumdæmi og tollstjórn aðskilin frá lögreglustjórn. Þá hefur núverandi ríkislögreglustjóri reifað þá hugmynd að lögreglustjórar fari ekki með ákæruvald og að það verði alfarið á ábyrgð ákæruvaldsins. Ef svo færi þyrfti lögfræðimenntun ekki að vera skilyrði til að gerast lögreglustjóri, auk þess sem inn kæmu nýir straumar við stjórnun lögreglunnar. Samkvæmt því frumvarpi sem lagt hefur verið fyrir Alþingi er ekki gert ráð fyrir aðskilnaði ákæruvalds og lögreglu.

Í skýrslu verkefnisstjórnar 2005 er fjallað um kosti og galla þess að flytja ákæruvald frá ríkislögreglustjóra, m.a. er talað um það sem stílbrot að hann hafi ákæruvald. Einnig er talið að fyrirkomulagið hafi reynst hagkvæmt undanfarin ár. Með lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008, var kveðið á um afnám ákæruvalds ríkislögreglustjóra samhliða stofnun héraðssaksóknara. Þeim ákvæðum sem snéru að því síðarnefnda var síðan frestað fram til 1. janúar 2012 vegna frestunar á stofnun héraðssaksóknara og síðar til ársins 2014. Í millitíðinni var gerð breyting á lögum er varðar skipulag ríkislögreglustjóra þegar rannsókn efnahagsbrota var flutt yfir til embættis sérstaks saksóknara. Við gildistöku þeirra laga 1. september 2011 fluttist ákæruvald frá embætti ríkislögreglustjóra til embættis sérstaks saksóknara. Með þessum tilflutningi var stigið enn eitt skrefið í átt til hins norræna líkans en ákæruvald er ekki í höndum ríkislögreglustjóra Danmerkur, Noregs eða Svíþjóðar.

### *Skipulag lögreglumála í nágrannalöndum*

Í ljósi þeirra breytinga sem nú eru fyrirhugaðar á lögreglunni á Íslandi verður hér farið í stuttu máli yfir skipulag nokkurra lögregluliða í nágrannalöndum okkar og rætt í kjölfarið nánar um breytingarnar

*Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp um verulegar breytingar á skipan lögreglumála.*


SECURITAS

SUBWAY

stapaprent
Prentþjónusta
Sími 421 4388
Netfang stapaprent@simnet.is

Tapas barinn








*Frá og með 1. apríl á næsta ári verður því eitt lögreglulið starfandi í stað átta í Skotlandi. Það sama verður gert með slökkviliðin.*

sem fyrirhugaðar eru hér á landi. Á síðustu tíu árum hafa umtalsverðar breytingar verið gerðar á skipulagi löggæslumála meðal nágrannaþjóða okkar. Nærtækast er að líta til Noregs og Danmerkur þar sem fækkun lögregluembætta hefur átt sér stað. Jafnframt er áhugavert að skoða Írland en þar hefur verið starfrækt ein lögregla með einn lögreglustjóra fyrir allt landið í áratugi. Sérfræðingar um stjórnskipulag lögreglu hafa bent á fyrirkomulag lögreglumála á Írlandi og telja að þar megi meðal annars leita fyrirmynda. Svo er vert að minnast á Skotland en á þessu ári var samþykkt í skoska þinginu að sameina öll lögregluembættin í Skotlandi í eitt lögregluembætti. Frá og með 1. apríl á næsta ári verður því eitt lögreglulið starfandi í stað átta. Það sama verður gert með slökkviliðin í Skotlandi.

### *Ríkislögreglustjórar í Noregi og Danmörku*

Ríkislögreglustjórinn í Danmörku fer með yfirstjórn lögreglumála í Danmörku, Færeyjum og á Grænlandi. Embættið skiptist niður á fimm svið og hefur ríkislögreglustjóri bæði stjórnsýslulegt hlutverk auk þess sem hluti af starfseminni eru lögregluverkefni. Meðal stjórnsýsluverkefna teljast flest öll verkefni á fjármálasviði er lýtur að rekstraráætlunargerð og endurskoðun, þ. á m. fjárveitingar til lögregluembætta. Tölvu- og tæknimál falla einnig undir stjórnsýsluverkefni auk búnaðarmála lögreglunnar, bílamála, starfsmannamála, menntunar (lögregluskólinn), afbrotatölfræði, fjölmiðlasamskipta o.s.frv. Undir löggæslusvið embættisins falla hefðbundin lögregluverkefni eins og rannsókn á tölvuafbrotum, tæknirannsóknir, alþjóðasamvinna, umferðarlöggæsla, eftirlit með fíkniefnasölum, mótorhjólagengjum o.s.frv.

Undir ríkislögreglustjóra Danmerkur heyra einnig 12 lögreglustjórar fyrir öll lögregluembættin í Danmörku auk starfsmanna. Heildarfjöldi starfsmanna lögreglunnar í Danmörku er um 14 þúsund, þar af um 11 þúsund lögreglumenn. Ríkislögreglustjóri hefur heimild til að gefa lögreglustjórunum skipanir. Segja má að lögreglustjórarnir starfi sem hluti af ríkislögreglustjóraembættinu og geta þeir óskað eftir aðstoð við rannsóknir og ýmis sérverkefni.

Ríkislögreglustjóri Noregs fer með yfirstjórn lögreglumála í Noregi. Meginhlutverk ríkislögreglustjóra er að leiða, stjórna og þróa norsku lögregluna í samræmi við stefnu stjórnvalda. Ríkislögreglustjóri hefur yfirumsjón og eftirlit með lögregluembættunum 27 og sérhæfðum stofnunum lögreglunnar. Í Noregi heyra sérhæfðar stofnanir lögreglunnar undir ríkislögreglustjóra. Þessar stofnanir starfa á landsvísu og veita m.a. sérfræðiaðstoð til lögregluembættanna um lögregluverkefni. Meðal verkefna eru rannsóknir á skipulagðri glæpastarfsemi, rannsóknir efnahagsbrota, tæknirannsóknir, rannsóknir á tölvuafbrotum, starfsemi lögregluskólans o.s.frv.

Stjórnsýslulega fer ríkislögreglustjórinn í Noregi með yfirstjórn lögreglumála en hann gefur lögreglustjórunum 27 ekki beinar skipanir. Hjá embætti ríkislögreglustjóra starfa um 130 manns en samtals starfa um 13 þúsund hjá lögreglunni í Noregi, þar af um átta þúsund lögreglumenn. Meðal þess sem ríkislögreglustjóri þarf að tryggja er að lögregluembættin og sérhæfðu stofnanirnar séu að vinna að því að ná markmiðum stjórnvalda í málaflokknum. Ríkislögreglustjóra er einnig ætlað að tryggja að fjármunir séu nýttir og að starfsemi lögreglunnar sé í samræmi við lög og reglur um störf lögreglunnar. Til að geta sinnt sínum skyldum hefur ríkislögreglustjóri sérhæft starfsfólk sem er í reglulegum samskiptum við lögregluembættin. Starfsemi ríkislögreglustjóra er að mestu stjórnsýsluleg, aftur á móti heyra undir embættið stofnanir sem sinna lögregluverkefnum. Á Norðurlöndunum er fjárveitingum til lögreglu ráðstafað sem heildarfjárveitingu til lögreglunnar og hún ákvarðar sjálf hvernig féð nýtist best til þess að ná sem mestum árangri.

### *Garda-lögreglan á Írlandi*

Lögreglan á Írlandi (Garda) hefur ekki hefðbundinn ríkislögreglustjóra líkt og finna má á Norðurlöndunum. Á Írlandi er hins vegar lögreglustjóri (Commissoner) fyrir allt landið (ekki Norður-Írland). Lögreglustjóranum til aðstoðar eru tveir varalögreglustjórar og þeim til aðstoðar eru 11 aðstoðarlögreglustjórar. Garda-lögreglan er álíka stór og lögreglan í Danmörku með um 14 þúsund starfsmenn og yfir 12 þúsund lögreglumenn. Fjárveitingum til lögreglunnar er ráðstafað sem heildarfjárveitingu en sambærilegt fyrirkomulag er á Norðurlöndunum. Þannig nýtast þær með mun markvissari hætti og auðvelt er að færa lögreglumenn milli staða til að halda uppi sömu þjónustu um allt landið. Þetta leiðir m.a. til minni yfirbyggingar og lægra hlutfalls yfirmanna en hérlendis.

Varalögreglustjórarnir tveir hafa ólík hlutverk, annar er yfir stjórnsýslu og stefnumótun lögreglunnar, eins og starfsmannamálum, innra eftirliti, fjármálum, tölvumálum, þróun og tölfræði, árangursstjórnun, ökutækjum, þjálfun og menntun o.s.frv. Á stjórnsýslusviði eru tveir aðstoðarlögreglustjórar auk framkvæmdastjóra rekstrar. Varalögreglustjórinn, sem er yfir lögregluverkefnum, hefur níu aðstoðarlögreglustjóra sér til aðstoðar. Lögregluumdæmin á Írlandi eru sex og fer einn aðstoðarlögreglustjóri með yfirstjórn lögreglumála í hverju umdæmi fyrir sig en heyrir ætíð undir varalögreglustjórann sem fer með lögregluverkefni. Aðrir aðstoðarlögreglustjórar stýra miðlægum deildum, þ. á m. rannsóknardeildum, umferðardeild, tæknirannsóknardeild, fíkniefnadeild o.s.frv.

### *Ein lögregla í Skotlandi 2013*

Miklar breytingar eru í vændum á skipulagi lögreglunnar í Skotlandi. Ekki er hægt að greina ítarlega frá skipulaginu þar sem nýskipaður lögreglustjóri er að útfæra það ásamt hópi sérfræðinga og lögreglumanna. Gert er ráð fyrir að nýtt embætti taki formlega til starfa 1. apríl 2013. Það er mjög eðlilegt að það hefji störf þann dag þar sem fjárlagaárið hefst þá en ekki 1. janúar eins og hér á landi. Ætlunin er hér að fara í stuttu máli yfir aðdraganda þessarar ákvörðunartöku. Tvær meginástæður liggja að baki breytingunum nú. Fyrri ástæðan tengist ástandi efnahagsmála, en áætlað er að útgjöld til lögreglunnar muni dragast saman um rúmlega 10% á næstu fjórum árum. Seinni ástæðan tengist því hvernig lögreglan ætlar að mæta nútímakröfum samfélagsins.

Í febrúar 2011 hófu stjórnvöld í Skotlandi umsagnar- og ráðgjafaferli sem stóð yfir í nærri þrjá mánuði. Tilgangurinn var að ræða þrjá valmöguleika. Í fyrsta lagi, ætti að sameina öll lögregluembættin í eitt? Í öðru lagi, ætti að sameina lögregluembættin átta í 3-4 svæðalögregluembætti? Í þriðja lagi, ætti að halda sig við núverandi fyrirkomulag en með nánari samvinnu? Sterk rök voru sett fram um að sameina öll lögregluembættin í eitt lögreglulið. Þó höfðu menn áhyggjur af ábyrgð innan skipulagsins og svo miðstýringu tiltekinna þjónustuþátta lögreglunnar.

Helstu markmið þess að sameina lögregluembættin í eitt eru þríþætt að mati Skota. Í fyrsta lagi að vernda og bæta staðbundna þjónustu þrátt fyrir niðurskurð. Þetta yrði gert með því að stöðva fjölföldun stoðþjónustu í átta umdæmum og koma í veg fyrir að dregið yrði úr þjónustu við borgarana. Í öðru lagi, til að búa til jafnan aðgang að sértækum deildum sem starfa á landsvísu hvar og hvenær sem er, eins og morðrannsóknardeild, skotvopnadeild eða almannavarnardeild. Í þriðja lagi, að efla tengsl milli þjónustu og samfélaga, með því að skapa nýtt formlegt samband við hvert hinna 32 sveitarfélaga, meira samstarf við bæjarfulltrúa og betri samþættingu við áætlanagerð í sveitarfélögum.

### *Í átt að nýju skipulagi*

Það sem einkennir lögregluembættin í Noregi og Danmörku er að þau gegna bæði mikilvægu hlutverki á sviði stjórnsýslu og lögregluverkefna. Ríkislögreglustjórar á Norðurlöndum fara með stjórnsýslu, þróun og eftirlit með lögreglunni en fara einnig fyrir deildum sem starfa á landsvísu til að tryggja að allir njóti sömu þjónustu óháð því hvar þeir búa. Sú umræða sem hér hefur verið uppi síðustu ár um að ríkislögreglustjórinn á Íslandi ætti ekki að hafa neitt með lögregluverkefni að gera, gengur gegn þeirri þróun sem sjá má í nágrannalöndunum.

